

Gælir við köttinn Mura

Kötturinn Muri, sem nefndur er eftir Steingrími Árnasyni, leikur stórt hlutverk í nýju myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur. Þar fær hann að leika ástmann Bjarkar. Að sögn eigandans er Muri mjög hlýðinn og elskar að fara í bíltúra.

SÍÐA 34 ▶



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

23. janúar 2005 – 21. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR




BEST BORGIÐ INNAN ALPÞÓD-LEGRA STOFNANA Thorvald Stoltenberg sagði í gær að hagsmunum Norðurlandþjóðanna er best borgið innan alþjóðlegra stofnana líkt og SP, NATO og Evrópusambandsins. Sjá síðu 2

45 GÆTU MISST VINNUNA Mikill ugður er á Stöðvarfirði eftir að stærsti atvinnurekandinn, Samherji, tilkynnti að mögulega verði landvinnslan í bænum lögð niður. Sjá síðu 4

FULL ÁSTÆÐA TIL AUKINS EFTIRLITS Eftirlit með erlendu ólöglegu vinnuafli hér á landi er á hendi lögreglu, segir dómsmálaráðherra. Ráðuneyti hans hefur ekki haft þessi mál til skoðunar að undanförunu. Sjá síðu 6

VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNDI UM ALLT Í KVÖLD HANN ER AÐ HLÝNA. Vaxandi sunnanátt. Skúrir vestan til í fyrstu en síðan rigning með kvöldinu. Frostlaust á öllu landinu í kvöld. Sjá síðu 4.

DAGURINN Í DAG



MARTRÖÐ Í JANÚAR Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð sýnir Matröð á jólanótt í Loftkastalanum klukkan átta í kvöld.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	24
Leikhús	30	Sjónvarp	32

Meðallestur dagblaða

Allt landið 18-49 ára

62%

38%

Fréttablaðið

Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

Borgarfulltrúar leiti sér sálfræðihjálpar

Formaður bæjarráðs Kópavogs segir að vegna minnimáttarkenndar gagnvart Kópavogi ættu borgarfulltrúar R-listans kannski að leita sér sálfræðihjálpar. Reykjavíkurborg meinar Kópavogi að leggja vatnsleiðslu um land sitt. Iðnaðarráðuneytið er með málið til skoðunar.

DEILA Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa sent iðnaðarráðuneytinu lögnaðsbeiðni til að geta farið með vatnslögn frá borholum bæjarins í Vatnsendakrikum yfir land Reykjavíkurborgar í Heiðmörk. Borgaryfirvöld meinaðu Kópavogsbæ um heimild til að leggja leiðsluna yfir land sitt í fyrria og samningaviðræður um málið sigldu í strand.

Gunnar I. Birgisson, formaður bæjarráðs Kópavogs, segir málið allt vera með ólíkindum. Skýrt sé kveðið á um það í vatnalögum að bænum sé heimilt að leggja leiðslu



GUNNAR I. BIRGISSON

erum hins vegar að stofna vatnsveitu því það er mjög hagkvæmt fyrirtæki fyrir bæjarbúa. Það myndi þýða að vatnsskatturinn

á bæjarbúa lækkar verulega. Kópavogur hafi keypt vatnsréttindi í Vatnsendakrika.

„Þeir vilja láta okkur kaupa vatn af sér með góðu eða illu,“ segir Gunnar I. „Við

á bæjarbúa lækkar verulega.“

Gunnar I. segir mjög sérkennilegt og óþekkt að sveitarfélag neiti öðru sveitarfélagi um að fara með vatnsleiðslu um land.

„Orkuveita Reykjavíkur er núna að byggja Hellsisheiðarvirkjun og þarf að fara með leiðslur þaðan í gegnum Sandskeið. Ætli við neitum þeim ekki bara um það. Mér finnst það allt eins líklegt.“

Málið í heild sinni er alveg fáránlegt og í raun grátblösklegt að sögn Gunnars I.

„Þótt Reykjavík sé stærsta sveitarfélag landsins getur það

ekki kúgað hvern sem er í krafti stærðarinnar. Borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans ættu kannski að leita sér sálfræðihjálpar vegna minnimáttakenndar gagnvart Kópavogi.“

Borgaryfirvöld líta svo á að Vatnsendakrikur séu eign Reykjavíkur því þeir hafi verið teknir eignarnámi árið 1949 og bætur greiddar fyrir. Gunnar Eydal borgarlögmaður segist telja að ráðuneytinu beri að vísa lögnámsbeiðninni frá þar sem óbyggðanefnd eigi eftir að úrskurða um svæðið. trausti@frettabladid.is



Á SKÍÐUM Í KRINGLUNNI Akureyringurinn Helgi Heiðar Jóhannesson bar sigurorð af Ísfríðingnum Einari Ólafssyni á innanhúsmóti í gönguskiðum sem haldið var í gær. Um 50 metra langri snjóbraut var komið fyrir í Kringlunni svo hægt væri að halda keppnina. Fjöldi Kringlugesta fylgdist með keppninni og er ekki annað að sjá en uppátækið hafi mælst vel fyrir.

„Hinir viljugu“:

Ísland ekki lengur á lista

Daginn eftir að auglýsing Þjóðarhreyfingarinnar birtist í New York Times kom frétt í sama blaði þar sem bandarískur embættismaður, sem vill ekki láta nafns síns

getið, heldur því fram að Ísland sé ekki lengur á lista yfir bandamenn Bandaríkjanna í Írak. Upphaflegi listinn, þar sem Ísland var nefnt meðal ríkja sem studdu innrásina, gegni engu

hlutverki lengur hjá Bandaríkjaþjórn.

Fréttin, sem var frá Reuters-fréttastofunni, birtist einnig í flestum helstu fjölmiðlum heims í gær. Sjá síðu 2

Uppreisnarhreyfingar Palestínnumanna: Hafa fallist á vopnahlé

GAZABORG Abu Muhammed, einn af talsmönnum píslarvottarsveitanna Al Aksa, sagði í gær að sveitirnar gætu fallist á vopnahlé, svo framarlega sem Ísraelsmenn samþykkja einnig að hætta árásum á Palestínnumenn og leysi jafnframt palestínska fanga úr haldi.

Yfirlýsingin frá Al Aksa-hreyfingunni kemur beint í kjölfarið á yfirlýsingu frá Hamas-samtökunum um að árásum verði hætt og landamæri Ísraels verði viðurkennd sem og samkomulagi Palestínustjórnar við samtökin Jihad um vopnahlé.

Yfirlýsingar þessara þriggja samtaka benda til þess að Mahmoud Abbas, forseti stjórnar Palestínnumanna, hafi náð nokkrum árangri í tilraunum sínum til þess að sannfæra þessar vopnuðu sveitir um að láta af árásum á Ísraelsmenn, sem gæti orðið fyrsta skrefið í áttina til þess að binda enda á fjögurra ára blóðug átök.

Undanfarna daga hefur Abbas átt fjölmarga fundi með fulltrúum samtakanna þriggja, Hamas, Jihad og Al Aksa. ■

HM í handbolta í Túnis:

Strákarnir okkar spila á móti Tékkum í kvöld



Guðrún Ásmundsdóttir

Aldrei verið hamingjusamari



SÍÐUR 24 & 26 ▶

SÍÐUR 16 - 17 ▶

Úti er alltaf að snjóa ...

Stórsýning

4x4

- 4x4 Mitsubishi Pajero
- 4x4 Mitsubishi Pajero Sport
- 4x4 Mitsubishi L-200
- 4x4 Mitsubishi Outlander
- 4x4 Volkswagen Touareg
- 4x4 Volkswagen Golf Variant
- 4x4 Skoda Octavia



Kynntu þér freistandi **tilboð** á Mitsubishi Pajero!



Sölumenn
í jeppadeild Bílapings
verða í sérstöku samningastudi!
BÍLAPING HEKLU
Númer eitt / notuðum bílum

PIAA
35% afsláttur
af PIAA vörum um helgina!

THULE
SWEDEN

Nýja
SKÁTABUÐIN
SKÍDAVERSLUN

Núna er rétti tíminn til að skoða flottustu og öflugustu aldrifsbíla á markaðnum. Oft var þörf en nú er nauðsyn! Þess vegna efnum við til stórsýningar á 4x4 bílum frá Mitsubishi, Skoda og Volkswagen. Ýmsar útfærslur og öruggt að allir sjá eitthvað við sitt hæfi.

SP
SP-FJÁRMÖGNUN

Opíð
í dag kl. 11-16

H
HEKLA

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 21.01.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	62,61	62,91
	Sterlingspund GBP	116,63	117,19
	Evra EUR	81,31	81,77
	Dönsk króna DKK	10,92	10,98
	Norsk króna NOK	9,92	9,98
	Sænsk króna SEK	8,98	9,04
	Japanskt jen JPY	0,6036	0,6072
SDR		XDR	94,89 95,45

Gengisvísitala krónunnar
111,92 +0,09%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Bæjarstjóri um útboð:

Engin truflandi áhrif

ÚTBOD „Í útboðsgögnunum voru engin skilyrði um að fyrirtæki mættu skila inn aðeins einu tilboði og í ljósi þess skiluðu nokkrir inn fleiri tilboðum og við getum ekki gert athugasemdir við það,“ segir Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ, um gagnrýni á útboð bæjarins á byggingarlóðum við Bjarkará. „Ég get ekki séð að þetta hafi haft truflandi áhrif á niðurstöðuna,“ bætir hún við.

Einar Sveinbjörnsson, fulltrúi Framsóknar í bæjarráði, er ósammála Ásdísi og segir það ekki tíðkast í almennum verkútboðum að það sé hægt að gera fleiri en eitt tilboð og að bæjar-

yfirvöld hefðu átt að gera það ljóst. Þá segir Einar að það sé vafasamt að gengið hafi verið til samninga við Frjálsa fjárfestingarbankann um kaup á byggingarlóðum þar sem hann hafi ekki uppfyllt skilmála um reynslu af byggingu og sölu á húsnæði.

„Frjálsi fjárfestingarbankinn hefur reynslu af samstarfi við verktakafyrirtæki,“ segir Ásdís Halla og bendir á að ekki sé búið að semja við bankann. „Hann á eftir að velja sér samstarfsaðila í þetta verkefni og við erum að kanna hver það verður áður en við tökum afstöðu til þess hvort við tökum tilboði þeirra eða ekki.“



ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR
Segir að Frjálsi fjárfestingarbankinn hafi reynslu af samstarfi við verktakafyrirtæki og standist því skilmála.

Peningagjafir: Bresk börn best sett

BRETLAND, AP Bresk börn og unglingar eru allra evrópskra barna duglegust við að nauða í foreldrum sínum um peninga. Þetta kemur fram í úttekt Datamonitor á því hversu mikið fé íbúar Evrópuríkja láta börn sín hafa.

Bresk börn á aldrinum tíu til sautján ára fá andvirði um 90 þúsund króna á ári samanlagt í vasaþening og peningagjafir. Sænsk börn fá næstbest, andvirði um 85 þúsund króna. Spænsk börn fá meira en helmingi minna, andvirði 38 þúsund króna.

Ekki kom fram hversu mikið íslensk börn fá. ■

Tengsl við skæruliða: Dani í haldi Ísraela

ÍSRAEL, AP Dönskum ríkisborgara, sem grunaður er um tengsl við líbanska Hezbollahskæruliða, er haldið í fangelsi af ísraelskum yfirvöldum. Maðurinn var handtekinn 6. janúar en ekki var upplýst um handtöku hans fyrr en á fimmtudag og hefur það vakið reiði danskra yfirvalda.

Danska utanríkisráðuneytið kvartaði undan því við ísraelsk stjórnvöld að fulltrúum sínum hefði verið meinaður aðgangur að manninum og ásökunum á hendur honum haldið leyndum.

Tveir ísraelskir arabar voru teknir í kjölfar handtöku mannsins. ■

Héraðsdómur Reykjaness:

Stútar bak við rimla

DÓMSMÁL Tveir menn fæddir árin 1947 og 1949 voru í Héraðsdómi Reykjaness dæmdir í þrjátíu daga fangelsi og til sviptingar ökuréttar ávilangt fyrir ölvunarakstur.

Áfengismagn annars mannsins mældist 2,02 prómill en 2,8 prómill hjá hinum. Báðir höfðu mennirnir áður hlotið dóm og verið sviptir ökuréttindum, sem hafði ítrekunaráhrif. Mönnum var báðum gert að greiða allan sakarkostnað.

- hrs

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Í JÖKULDAL Engan sakaði þegar fólksbifreið með fjórum innanborðs valt í Jökuldal í gær. Að sögn lögreglunnar á Eskifirði voru hálkublettir á leiðinni þar sem bíllinn valt. Bíllinn valt á hliðina í snjóskafi og skemmdist ekkert.

45 gætu misst vinnuna

Mikill uggur er á Stöðvarfirði eftir að stærsti atvinnurekandinn, Samherji, tilkynnti að mögulega verði landvinnslan í bænum lögð niður. Um 270 manns búa á Stöðvarfirði.

ATVINNUMÁL „Þetta kemur kannski ekki á óvart en ég ætla að vona að svona mörg störf tapist ekki. Maður getur rétt ímyndað sér ef annað eins hlutfall starfa myndi glatast á einu bretti á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar fyrir Norðaustur-kjördæmi um fréttir þess efnis að Samherji muni hugsanlega leggja niður landvinnslu á Stöðvarfirði.

Um 270 manns búa á Stöðvarfirði og ef Samherji leggur niður landvinnsluna gætu 45 manns sem vinna í 35 stöðugildum tapað vinnunni, sem yrði mikil blóðtaka fyrir sveitarfélagið.

„Þetta eru slæmar fréttir og það yrði auðvitað mikið áfall fyrir íbúa á Stöðvarfirði ef stærsti atvinnuveitandinn hættir landvinnslu þar,“ segir Guðmundur Þorgrímsson, oddviti sveitarstjórnar Austurbyggðar. Guðmundur segir að þar sem fréttirnar séu nýjar hafi ekki gefist tólm til að ræða þetta mál innan sveitarstjórnar.

„Ég geri ráð fyrir að næsta skref verði að óska eftir fundi með Samherja til að afla upplýsinga um málið. Við getum ekki rætt neina valkosti þangað til við höfum fengið nánari upplýsingar og kannað málið ofan í kjölinn.“

Kristján segir málið vera grafalvarlegt og til marks um hvernig stjórnvöld láti sig litla staði á landsbyggðinni litlu varða. „Þetta kemur ekki á



FRÁ STÖÐVARFIRÐI

Samherji er stærsti atvinnurekandinn á Stöðvarfirði og veitir um 40 manns vinnu í landi.



óvart miðað við gengisskráninguna.

Kristján segir að ástandið á Stöðvarfirði sé því miður í samræmi við það sem er að gerast hringinn í kringum landið og á það hafi hann bent áður. „Í haust sáum við hvernig nokkrar rækjuútgerðir urðu að leggja upp laupana og í desember töpuðust 50 störf í Mývatnssveit. Það dugir skammt fyrir ráðherra að benda bara á stóriðju á Austurlandi sem dæmi um atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Hún leysir ekki þau áföll sem eru að dynja á stöðum eins og Stöðvarfirði eða í Mývatnssveit.“

bergsteinn@frettabladid.is

KRISTJÁN L. MÖLLER
Segir málið alvarlegt og því miður ein-kennandi fyrir þróun á landsbyggðinni.

Hafnarfjarðarleikhúsið: Samningur til fimm ára

LEIKHÚS Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði og Hilmar Jónsson, leikhússtjóri Hermóðs og Háðvarar, undirrituðu samning til næstu fimm ára um stuðning ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar við starfsemi leikhússins.

Hermóður og Háðvör er rúmlega tíu ára gamalt leikfélag og Hilmar Jónsson leikhússtjóri segir samninginn skipta miklu máli. „Við fengum upphaflega styrk til að setja upp Himnaríki eftir Árna Ibsen sem sló í gegn. Síðan hefur verið þróun í styrkveitingum til okkar og þessi samningur til næstu fimm ára er stórt stökkt fyrir okkur.“

- bs

Vélsleðaslys:

Drengur slasaðist

SLYS Drengur á sjöunda ári slasaðist þegar vélsleði sem hann og faðir hans voru á fór fram af lítilli hengju skammt frá flugvællinum á Hólmavík á fimmta tímanum í gær. Faðir drengsins óttaðist að drengurinn væri alvarlega slasaður og óskaði eftir aðstoð. Björgunarsveitin Dagrenning á Hólmavík var kölluð út og fóru björgunarsveitarmenn á vélsleðum með lækni á vettvang. Við fyrstu skoðun var útlit fyrir að betur hafi farið en á horfðist og meðsl drengsins lítilsháttar. Hann var í kjölfarið fluttur á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur til nánari skoðunar og var kominn þangað 45 mínútum eftir slysið.

- bs


Veðrið

HLÝINDI ÚT VIKUNA

Ef fer sem horfir verður frostlaust á öllu landinu síðdegis í dag eða í kvöld og útlit fyrir að það verði frostlaust út vinnuvikuna. Það verður því ekki annað séð en að snjó taki talsvert upp. Það eru vaxandi suðlægar áttir og gæti orðið talsvert hvasst vestan til í kvöld og á morgun. Rigning nær inn á sunnan- og vestanvert landið síðdegis eða með kvöldinu. Þá þykkar smám saman upp á Norður- og Austurlandi. Í hýindunum næstu daga getur orðið svakaleg hálka!

Kveðja,
Sigurður
Ragnarsson,
veðurfræðingur


Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	4°C skýjað	Frankfurt	6°C léttskýjað
Oslo	0°C léttskýjað	Prag	1°C alskýjað
London	6°C skýjað	Amsterdam	6°C skýjað
Paris	5°C skýjað	Varsjá	0°C skýjað

Á morgun



Þriðjudagur



Torreveja	18°C skýjað
Róm	11°C skúrur
New York	-7°C snjökoma
Miami	26°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

10 miðaeigendur fá milljón á þriðjudag



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Við sameinumst um enn betri þjónustu



Útibú Landsbankans í Lágmúla 9 og að Laugavegi 77 sameinast á morgun í stærra, öflugra og glæsilegra útibú á Laugavegi 77

Húsnæði útibúsins á Laugavegi hefur verið endurnýjað frá grunni. Við hönnun og skiplagningu hins nýja, sameinaða útibús var lögð megináhersla á að húsnæðið hentaði vel til persónulegrar fjármálaþjónustu og endurbætur fela í sér ýmsar nýjungar sem þjóna þessu markmiði. Við erum því enn betur í stakk búin til að bjóða viðskiptavinum bankans, einstaklingum og fyrirtækjum, faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu á öllum sviðum fjármála.

Verið velkomin í útibúið á Laugavegi 77. Njótið nútíma bankaðjónustu eins og hún gerist best.

Alltaf heitt á könnunni.

Við sameinumst um enn betri þjónustu



Útibú Landsbankans í Lágmúla 9 og að Laugavegi 77 sameinast á morgun í stærra, öflugra og glæsilegra útibú á Laugavegi 77

Húsnæði útibúsins á Laugavegi hefur verið endurnýjað frá grunni. Við hönnun og skiplagningu hins nýja, sameinaða útibús var lögð megináhersla á að húsnæðið hentaði vel til persónulegrar fjármálaþjónustu og endurbætur fela í sér ýmsar nýjungar sem þjóna þessu markmiði. Við erum því enn betur í stakk búin til að bjóða viðskiptavinum bankans, einstaklingum og fyrirtækjum, faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu á öllum sviðum fjármála.

Verið velkomin í útibúið á Laugavegi 77. Njótið nútíma bankaðjónustu eins og hún gerist best.

Alltaf heitt á könnunni.

ÍSLENSKA ALCÉSTINGASTOFAN/ISL/ISL 27/07 01/2005

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna



KJÖRKASSINN

Munt þú blóta þorran?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	59.18%
Nei	40.82%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tókstu þátt í að velja kynþokkafyllsta mann ársins á Rás 2?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Eignarhlutur Straums í Íslandsbanka:

Skilyrði sett fyrir virkum hlut

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt umsókn Straums Fjárfestingarbanka um kaup á virkum eignarhlut í Íslandsbanka með skilyrðum.

Straumi eru sett þau skilyrði að við kjör stjórnarmanna í Íslandsbanka og Tryggingamiðstöðinni séu valdir einstaklingar sem séu óháðir Straumi og tengdum aðilum. Krafa er gerð um að Straumur geri eftirlitinu grein fyrir hvernig athvæðarétti verði beitt í stjórnarkjöri.

Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að Straumur geri eftirlitinu grein fyrir því ef samstarf verði við annan aðila um eignarhluta í Íslandsbanka og ef Straumur hafi

frumkvæði að því að boða til hluthafafundar.

Fjármálaeftirlitið telur að Straumur geti ekki, vegna hættu á hagsmunaárekstrum, verið virkur eigandi, beint eða óbeint bæði í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka og dótturfélögum bankans.

Fjármálaeftirlitið áskilur sér rétt til að setja frekari skilyrði í ljósi reynslu fyrir meðferð eignarhlutarins.

- hh

PÁLL GUNNAR PÁLSSON, FORSTJÓRI FJÁRMÁLAFTIRLITSINS

Fjármálaeftirlitið telur ekki standast að Straumur fjárfestingarbanki eigi virkan hlut bæði í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka til lengdar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Hæstiréttur Danmerkur: Höfuðblæjur má banna

DANMÖRK Hæstiréttur Danmerkur komst að þeirri niðurstöðu að stórmarkaðurinn Føtex mátti banna íslömskum konum að bera höfuðblæju í vinnunni og reka 26 ára konu sem neitaði að taka blæjuna niður. Þar með staðfesti Hæstiréttur dóm undirréttar frá desember 2003. Þetta kemur fram í frétt Danmarks Radio.

Niðurstöða Hæstaréttar er að bann gegn höfuðblæjum sé leyflegt því samkvæmt starfsreglum stórmarkaðarins þurfi allir starfsmenn að klæðast einkennisbúningi. Føtex bauð konunni annað starf, sem hún afþakkaði. Því var henni sagt upp störfum. ■

Takmarkað vinnuveitingaleyfi:

Ákvörðun kærð

BORGARMÁL Veitingahúsið við Þjóðhildarstíg í Grafarholti hefur kært ákvörðun borgaryfirvalda um að það fái aðeins leyfi til að veita áfengi til klukkan þrjú að faranætur laugardaga og sunnudaga. Úrskurðarnefnd um áfengismál er með málið til skoðunar.

Forsvarsmenn veitingahússins sóttu um leyfi til að veita áfengi til klukkan hálf sex að faranætur laugardaga og sunnudaga en því var hafnað. Telja borgaryfirvöld að þar sem íbúðarhúsið séu í 35 metra fjarlægð frá veitingahúsinu sé ekki heimilt að veita áfengi þar lengur. Í reglum borgarinnar standi að aðeins sé heimilt að veita áfengi fram undir morgun séu ekki íbúðir í innan við 100 metra fjarlægð frá viðkomandi stöðum. - th

Hassinnflytjandi:

Laus úr haldi

LÖGREGLA Rúmlega þrítug íslensk kona sem handtekin var á Keflavíkurlugvelli á þriðjudag var með tæp 390 grömm af hassi innvortis og í fórum sínum. Hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald til föstudags en var sleppt úr haldi á fimmtudagskvöld.

Rannsókn málsins er enn í gangi en ekki þótti ástæða til að halda konunni lengur í gæsluvarðhaldi. Konan var að koma með eftirmiðdagsflugi frá Kaupmannahöfn þegar hún var handtekin. Heimildir blaðsins segja rannsókn beinast meðal annars að því að finna vitorðsmenn konunnar hér á landi. - hrs

NORÐURLÖND

EKKERT SPURST TIL BENGTSONS

Ekkert hefur spurst til Fabians Bengtsons, sænska kaupsýslumannsins sem talið er að mannræningjar hafi numið á brott. Ekkert hefur heyrst frá mannræningjunum. Foreldrar Bengtsons komu fram í sjónvarpi og skoruðu á mannrængingjana að láta í sér heyra.

Full ástæða til aukins eftirlits

Eftirlit með erlendu ólöglegu vinnuafli hér á landi er á hendi lögreglu, segir dómsmálaráðherra. Ráðuneyti hans hefur ekki haft þessi mál sérstaklega til skoðunar að undanförunu. Félagsmálaráðherra vill hert eftirlit.

ATVINNUMÁL Ráðuneytið hefur ekki haft starfsemi erlends, ólöglegs vinnuafli í byggingariðnaði hér á landi sérstaklega til skoðunar undanfarna daga, að sögn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Formaður Samiðnar, sambands iðnfélaga, telur að slík atvinnustarfsemi hafi aukist hratt á síðustu misserum. Sé hún farin að hafa áhrif á markaðslaun í byggingariðnaði.

„Athygli mín hefur verið vakin á þessu,“ sagði Árni Magnússon félagsmálaráðherra um málið. „Við höfum rætt þetta við dómsmálaráðherra og ég tel að það sé full ástæða til að auka þetta eftirlit.“

„Lögreglan sinnir þessu eftirliti,“ sagði Björn. „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur ekki ein afskipti af þessum málum.“

Ráðuneytið hefur á hinn bóginn lagt á það ríka áherslu, að lögregla sinni þessu eftirliti. Þessari áherslu til áréttingar hefur til dæmis verið efnt til sérstakrar fræðslu um eftirlitið og framkvæmd þess fyrir stjórnendur lögreglunnar á vegum Lögregluskóla ríkisins auk þess sem sérstök námskeið hafa verið fyrir lögreglumenn.“

Spurður hvort dómsmálaráðuneytið hygðist hafast eitthvað frekar að til að sporna við þessari þróun, sagði Björn að ráðuneytið og stofnanir á þess vegum færu að lögum við töku ákvarðana um komu útlendinga til landsins og eftirlit á þessu sviði.

„Ef skipulega er staðið að því til dæmis að flytja inn ólöglegt



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA
Vill aukið eftirlit.

vinnuafli frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins, en launþegar nýju ESB-ríkjanna þurfa hér atvinnu- og dvalarleyfi, er það sérstakt viðfangsefni fyrir lögregluna,“ sagði ráðherra.

Hann sagði að félagsmálaráðuneytið hefði frá því á síðasta hausti haft frumkvæði að samráðs- og samstarfsfundum ráðuneytanna og stofnana þeirra um þessi mál.

„Útgáfa dvalarleyfa útlendinga er á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en atvinnuleyfa á vegum félagsmálaráðuneytisins.“ sagði Björn. „Það eru



DÓMSMÁLARÁÐHERRA
Sérstakt viðfangsefni lögreglu.

Formaður Samiðnar telur að ólögleg atvinnustarfsemi útlendinga í byggingariðnaði hér á landi hafi aukist hratt á síðustu misserum. Myndin er ekki í tengslum við fréttina.

tvær stofnanir, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun, sem fjalla um leyfisumsóknir. Ég hef látið í ljós þá skoðun, að útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa eigi að vera á einni hendi og á verksviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, með því yrði stjórnsýslan einfölduð og tryggð betri samfella milli leyfisveitinga og eftirlits.“

jss@frettabladid.is



Á OPNUN GRÆNNAR VIKU

Mariann Fischer Boel, framkvæmdastjóri landbúnaðarmála hjá ESB, Martins Rose, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra Lettlands og Árni Mathiesen.

Græn vika í Berlín:

Áhersla á ufsa

SJÁVARÚTVEGUR Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra var við opnun Grænu vikunnar í Berlín (Die Internationale Grüne Woche) dagana 20.-21. janúar. Heimsótti hann meðal annars sýningarbás þar sem Árni Simsen matreiðslumaður matreiðnaðs íslenskan ufsa að viðstöddum gestum.

Græna vikan, sem er alþjóðleg matvælasýning, er nú haldin í sjötugasta skipti. Þetta árið á að gera fisk og fiskafurðir enn meira áberandi en áður, og vakin er sérstök athygli á heilnæmi, gæðum og hollustu fiskisins. Verkefnið er fjármagnað af þýsku aðilunum en Íslendingum var boðið að taka þátt og kynna sínar afurðir enda Ísland stór fiskútflutjandi á þýskan markað. Í ár er lögð sérstök áhersla á ufsa. - ss



KONUR Í PÍLAGRÍMSFÖR

Hajj-pílagrímsförin náði hámarki í gær þegar 2,56 milljónir múslima voru við staddar hátíðahöldin.

Hajj-hátíðin:

Aldrei fleiri pílagrímar

SÁDI-ARABÍA. AP Fleiri pílagrímar sækja hajj, trúarhátíð múslima, heim í ár en nokkru sinni fyrr. Meira en tvær og hálf milljón pílagríma var komin til Sádi-Arabíu í gær á Eid al-Adha, hátíð fórnarinnar, sem er mikilvægasti helgidagur múslima.

Pílagrímar eru hálfri milljón fleiri í ár en þeir hafa nokkru sinni verið áður og nær 800 þúsund fleiri en þeir voru 1995.

Undanfarin ár hefur fjöldi fólks troðist undir þegar mannfjöldinn og atgangurinn hefur orðið hvað mestur. Sérstakar ráðstafanir voru gerðar í gær þegar pílagrímarin grýttu djöfulinn, hentu steinum í klett í hreinsunarathöfn. ■

FJÖLDI PÍLAGRÍMA

Aðsókn í milljónum	
2005	2,56
2004	2,02
2003	2,04
2002	1,90
2001	1,90
2000	1,83
1999	1,83
1998	1,83
1997	1,94
1996	1,86
1995	1,78

Heimild: AP

Bandaríkjamenn hlynntir því að vinna að lýðræði erlendis:

Sammála forsetanum en efins um árangur

BANDARÍKIN Meirihluti Bandaríkjamanna er sammála því markmiði George W. Bush Bandaríkjaforseta að koma á lýðræði sem víðast í heiminum, meirihlutinn er þó jafnframt efins um að Bandaríkin megni að gera það samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup fyrir CNN og USA Today.

68 prósent aðspurðra sögðu að það ætti að vera eitt af höfuðverkefnum Bandaríkjaforseta að koma lýðræði á sem víðast, 23 prósent sögðu að ekki ætti að leggja mikla áherslu á það og níu prósent sögðu að það ætti ekki að leggja neina áherslu á það.

EKKI ERU ÞÓ ALLIR Á ÞVI AÐ VERK Bandaríkjaforseta hafi verið í samræmi við orð Bandaríkjaforseta. „Orðræðan er gallalaus en stefnan er ruglingsleg. Staðreyndin er sú að stríðið gegn hryðjuverkum hefur orðið til þess að Bandaríkjaforseti hefur orðið



GEORGE W. OG LAURA BUSH

í innsetningarræðu sinni lagði Bandaríkjaforseti áherslu á að vinna að lýðræðisuppbyggingu þar sem einræði ríkir.

vingjarnlegri í garð ólýðræðislegra stjórnvalda,“ sagði Thomas Carothers hjá Carnegie Endowment for International Peace, í viðtali við Washington Post.

Meðal þeirra einræðisríkja sem Bandaríkin hafa átt samstarf við í stríðinu gegn hryðjuverkum eru Egyptaland, Pakistan, Sádi-Arabía og Úsbekistan. ■

Ráðstefna Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja
á Nordica hótél þriðjudaginn 25. janúar frá 9:00 til 12:30

ÞRIÐJA STOÐIN?

Verður upplýsingatækni þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslands árið 2010?

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, í samvinnu við Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, efna til ráðstefnu þar sem dregin verður upp mynd af stöðu, tækifærum og framtíðarsýn upplýsingatækniiðnaðar hér á landi.

Upplýsingatækni er í dag ein af stærstu útflutningsgreinum annarra Norðurlanda og stendur undir stórum hluta verðmætasköpunar og nýrra starfa hjá háskólamenntuðu fólki. Ísland hefur alla burði til að fylgja öðrum Norðurlöndum í aukinni verðmætasköpun og útflutningi á upplýsingatækni. Á ráðstefnunni verður fjallað um möguleika Íslands, tækifæri og hvaða stefnu beri að taka í þeim efnum.

DAGSKRÁ

- ▶ **9:00**
Ávarp: Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.
- ▶ **9:10**
Hver eru tækifæri Íslands til landvinninga í upplýsingatækni?
Wilfried Grommen, framkvæmdastjóri stefnumótunar hjá Microsoft í Evrópu. Hvernig getur lítið land eins og Ísland, með öflugt innra skipulag og hátt menntastig, nýtt sér þann styrkleika til að bæta afkomu og velferð þegna sinna? Hver er staða og framtíð upplýsingatækni í dag?
- ▶ **10:10**
Kaffihlé.
- ▶ **10:30**
Stefna og áherslur Dana í uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðar
Frans Clemmesen, sviðsstjóri í ráðuneyti vísinda og tækni í Danmörku. Danir hafa verið fremstir þjóða við uppbyggingu upplýsingatækni og hefur mikilvægi greinarinnar fyrir danskt efnahagslíf aukist hratt. Upplýsingatækni er nú stærsta útflutningsgrein þeirra. Hvað getum við lært af Dönum í þeim efnum?
- ▶ **11:15**
Þriðja stoðin: Framtíðaratvinnulíf Íslendinga – sýn og tillögur upplýsingatækniiðnaðar
Ingvar Kristinsson, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Hver er staða íslensks upplýsingatækniiðnaðar? Hvar liggur sérstaða og tækifæri greinarinnar? Er upplýsingatæknin stóra, ónýtt tækifærið til öflugrar útrásar sem getur myndað þriðju stoðina í gjaldeyristekjum og verðmætasköpun þjóðarinnar?
- ▶ **11:50**
Pallborðsumræður
Þátttakendur eru Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri Garðabæjar, Ásgeir Friðgeirsson varapingismaður, Bjarni Benediktsson alþingismaður, Friðrik Sigurðsson forstjóri TölvuMynda, Gunnlaugur Sigmundsson forstjóri Kögunar og Ingólfur Bender forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka.



Ráðstefnustjóri: Sigmundur Ernir Rúnarsson ritstjóri.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið
skraning@si.is eða í síma 591 0100 fyrir 24. janúar.
Ráðstefnugjald er 4.900 krónur.

skoðun

NOKKUR ORÐ
JÓN KALDAL

Listi hinna viljugu er úr sögunni en ágreiningurinn ekki.

Málinu ekki lokið

Það er mikill misskilningur ef einhverjum dettur í hug að ágreiningurinn um veru Íslands á lista hinna viljuga þjóða sé úr sögunni nú þegar bandarísk stjórnvöld hafa skipt þeim lista út fyrir annan þar sem á eru hernámsþjóðirnar í Írak. Það hefur að vísu ekki verið opinberlega staðfest af fulltrúum Hvíta hússins að listi hinna viljugu hafi verið lagður af því þegar þetta er skrifað er sú frétt höfð eftir ónafngreindum háttsettum embættismanni í liði Bush. Það er hins vegar athyglisvert fyrir okkur Íslendinga að fyrsta fréttin af því að listinn heyri sögunni til kom fram á föstudaginn í kjölfar birtingar auglýsingar Þjóðarhreyfingarinnar í *New York Times*, þar sem beðist var afsökunar á stuðningi Íslands við innrásina í Írak.

” Eða eigum við að trúá því að litið sé á okkur Íslendinga sem slíka taglhnýtinga að ekki taki því að spyrja okkur álits? Og að þeir sem hér fara með völd láti slíkt yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust?

Það varð því aldrei að sú auglýsing hefði ekkert upp á sig eins og margir gagnrýnendur hennar héldu fram.

Í fréttum af nýja listanum, sem á eru þær 28 þjóðir sem eru með hernámliði í Írak, kemur fram athyglisverð söguleg upprifjun á hinum listanum, þessum sem stjórnarherrar okkar og spunameistarar þeirra vilja meina að ekki hafi verið leitað samþykkis fyrir að nafn Íslands yrði sett á. Eða svo rifjuð séu aftur upp í þessum dálki skrif Péturs Gunnarssonar, skrifstofustjóra þingflokks framsóknarmanna á vef Framsóknarflokksins fyrir skömmu: „Það var engin pólitísk ákvörðun íslenskra stjórnvalda sem lá að baki því að nafn Íslands var skráð á þann lista, það var almannatengslaákvörðun, tekin í Hvíta húsinu, í því skyni að koma pólitískum skilaboðum á framfæri á einfaldan hátt við bandarískan almenning.“

En hvernig var þessi margnefndi listi viljugu settur saman? Jú, í fréttum af endalokum hans er minnt á að hann samanstóð af 45 þjóðum sem lýst höfðu yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands. Þar af voru 15 þjóðir sem vildu ekki að nafn þeirra kæmi fram. Sem sagt, Ísland var eitt af 30 löndum heimsins sem lýstu því yfir opinberlega að landið styddi innrás í Írak og ef við eigum að taka Pétur Gunnarsson trúanlegan var það gert að íslenskum stjórnvöldum forspurðum. Ef við gefum okkur að svo hafi verið, hlýtur að vakna spurning um hvort ríkisstjórn Íslands hafi ekki gert athugasemdir við þá málsmeðferð bandarískra stjórnvalda? Eða eigum við að trúá því að litið sé á okkur Íslendinga sem slíka taglhnýtinga að ekki taki því að spyrja okkur álits? Og að þeir sem hér fara með völd láti slíkt yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust?

Þótt listi hinna viljugu tilheyri ef til vill fortíðinni skulda Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson þjóðinni svör við þessum spurningum, að minnsta kosti þeim yfirgnæfandi meirihluta landsmanna sem er og hefur alla tíð verið mótfallinn stuðningi Íslands við innrásina í Írak. ■

ER ALLT Í DRASLI HEIMA?

Hefurðu ekki tíma til að taka til?

Eða nennirðu því kannski ekki?

Er allt á öðrum endanum hjá þér eða einhverjum sem þú þekkir?

Er fólk hætt að koma í heimsókn?

EKKI ÖRVANTA, það er hjálp innan seilingar. Sagafilm er að leita að heimilum í nýja þáttaröð fyrir Skjá 1, þar sem við sópum út og breytum heimili í höll.

Vertu með og hafðu samband við okkur hjá alltidrasli@sagafilm.is eða í síma 515 4600.

Því verra sem ástandið er því betra! Tilboð sem ekki er hægt að hafna!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einn í vörninni

Alþingi er að koma saman og þingmenn, margir hverjir, hafa verið í hálfgerðu þagnarbindindi. Fastlega er við að þeir verði eins og kýr að vori, skvetti úr klaufunum. Halldór Ásgrímsson þarf örugglega að treysta á að halda ró sinni, einkum og sér í lagi þar sem hann hefur ekki Davíð Oddsson sér til hjálpar, þar sem hann er í frí. Þannig að Davíð er ekki



til staðar og bjargar því ekki málunum með ógleymanlegum setningum eins og afturhaldskommatittaflokkur eða öðrum ámóta. Halldór gegnir hvoru-veggja starfi forsætisráðherra og utanríkisráðherra og verður trúlega einn í miðju varnarinnar.

Óheppilegt

Þegar hafði lygnt litið eitt um Íraksmálið og stjórnarflokkana urðu Guðna Ágústssyni á mikil mistök. Hann virtist vera að fríspla sig frá málinu en var rekinn út á völlum aftur og stendur þar enn, illa klæddur eða ber. Hans eigin flokksmenn keppast um að benda á nekt hans, þar fer Valgerður Sverrisdóttir fremst.

Í skjóli Framsóknar

Meðan framsóknarmenn segja eitt í dag og annað næsta dag, svo sem Guðni og Hjálmar Árnason, lífa átök samfylkingarfólks í skjóli af stórum átakaskugga Framsóknar. Það verður ekki lengi og víst er að átökin þar eiga eftir að herðast, opinberast og verða sárari. Enn hefur ekki verið bent á að málefni innan þess flokks kalli á uppgjör milli formanns og varaformanns. Þess vegna biðum við og sjáum hvort flokksfólk kjósi um fleira en stíl. Meðan herðist hnúturinn.

sme@frettabladid.is

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Annarra þjóða klapp á bakið

Það þarf svolítið að hafa fyrir því að vera Íslendingur. Svo sem að ferðast; líta í kringum sig og athuga hvort aðrar þjóðir hafi það ekki bara heldur skítt – að minnsta kosti miðað við okkur, fámenna þjóð í fallettu landi. Eða – og það er jafnvel enn betra – að þjóða útlendingum heim á klakann; láta þá hrifast almennilega ...

Efalítið er engin þjóð jafn upptekin við að bera sig saman við aðrar þjóðir og Íslendingar. Og allt stafar það líklega af fremur þrálátum efasemdum um að eyjan í norðri sé almennilega byggileg. Við erum sumsé ekki alveg viss um vistfræðina; hnattstaðan er altént svolítið háskaleg, ef ekki hlægileg.

Nú er það auðvitað í besta falli hranalegt að kalla nokkra eyju Ísland. Í samanburði við til dæmis Jersey, Möltu, Mallorca og Kanari er Ísland í besta falli fremur fráhrindandi nafn. Jafnvel Svalbarði er meira aðlaðandi, að ekki sé talað um Bjarnarey, Jan Mayen – og náttúrlega Grænland.

En við sitjum uppi með þetta nafn; Ísland.

Það er út af fyrir sig áfall.

Og eilíflega – á tali við útlendinga úti í stóru borgum meginlandanna – byrjum við samtalið á því að það sé ekkert svo sérstaklega kalt á Íslandi. Og nafnið eigi eiginlega ekki við. Suma returna frysti jafnvel ekkert í Reykjavík, en það sé einmitt höfuðborgin; mjög lifandi borg og langtum skemmtilegri – segi útlendingar – en fjölmennari borgir Evrópu og Ameríku ... eiginlega svona 24 hour party zoo.

Sjaldnast hvarflar að okkur að útlendingum sé ekki sama um landið okkur.

Þá skal varða um allt það sem íslenskt er.

Þeir skulu hafa áhuga.

Þetta er eiginlega svolítið erfitt. Svólitil byrði. Sönnunarbyrði.

EKKI einasta skulu útlendingar verða sannfærðir um það í eitt skipti fyrir öll að Ísland sé á meðal byggilegustu landa heims, heldur skulu þeir ekki velkjast í vafa um það eina sekúndu úr lífi sínu að þjóðin sem byggir þetta land sé á meðal þeirra gáfuðustu og fallettustu og ríkustu í allri veröldinni – og gott ef ekki veraldarsögunni. Samanlagðri.

Það er af þessum sökum sem ótrúlegur fjöldi Íslendinga hefur komið leitarorðinu „Iceland“ fyrir í forritunum sínum og hrifst og

” Efalítið er engin þjóð jafn upptekin við að bera sig saman við aðrar þjóðir og Íslendingar. Og allt stafar það líklega af fremur þrálátum efasemdum um að eyjan í norðri sé almennilega byggileg. Við erum sumsé ekki alveg viss um vistfræðina; hnattstaðan er altént svolítið háskaleg, ef ekki hlægileg.



kippist til eins og tveir á Richter þegar orðið dúkkar upp á skjánum. Þá er ekki sjaldan verið að fjalla um dásemdir Bláa lónsins, eða nötrandi næturlífíð á Laugaveginum ... já, eða bara kaupæði landans sem lýkur ekki í stórmörkuðunum heima, heldur í stórmörkuðunum ytra sem þessi furðulega þjóð kaupir í heilu lagi, gömlum konungsveldum til sárrar gremju.

Þetta er klikkuð þjóð – segja greinarnar sem birtast í The Sunday Times og Le Nouvel Observateur, já eða bara Aftenposten – eftir að gáttaðir blaðamenn hafa flengst um grundir túndrunnar í boði íslenska ferðamálaráðsins og Flugleiða. Já, klikkuð ... a wild nation ... crazy vikings ... og okkur finnst ekki svo ónýtt að sjá þessi orð birtast á skjánum okkar, þökk sé Google.

Brosuð vinalega, hrifumst ...

Því ... það að vera klikkaður í svona skrytnu landi ... er eiginlega sönnun þess að þetta sé allt í lagi. Einhvers konar fjarvistar-sönnun ... eða vottorð í leikfimi alheimsins. Einkunnin „einstök þjóð“ er fullnægjandi, unaðsleg, ólýsanleg. Og þegar útlendingar eru tilbúnir að segja að við séum „svo öðruvísi og villt og skemmtileg“ eða að „ég hef aldrei kynnst öðru eins energíu hjá nokkurri þjóð“ þá brýst hamingja okkar fram í barnslegu flissi sem getur í sumum tilvikum verið hamslaust, en alltaf þó falslaust.

Það er nokkurn veginn toppurinn á tilveru Íslendinga að fara með útlending um landið sitt; koma við í Námaskarði, skjótast yfir Kjöl, kíkja á Gullfoss, gutla í Strokki og stökkva svo algallaður inn í næturlífíð í lauslátustu borg heims og fylla á öll sín vit og vitleysu. Skilja svo við ringlaðan manninn í Leifstóð sem hefur aldrei upplifað annað eins ... allt frá hrútsprungum að hrifandi stelpum, eyðumörkum til þessa undarlega kjarrs sem heimamenn kalla skóga. Og planta þar einni hríslu til vitnis um ævarandi Íslandstryggð. Taka jafnvel ásatrú í ofboðlittilli kirkju, kaupa selskinnsfrakka í duty free.

Svona þjóð, sem þarf sífelldlega að vera að sanna sig, af því hún er ekki nógu stór til að hugsa um annað en sjálfa sig, já, svona þjóð lifir fyrir það að aðrar þjóðir klappi henni á bakið. Að vísu vill hún helst geta stjórnað klappinu sjálf ... en þegar því sleppir sér hún að minnsta kosti til þess að klappið verði aðeins skilið á einn hátt; að útlendingar séu hrifnir, uppveðraðir og elskir að landi og þjóð. Það er ekki svo ónýtt.

Þetta þjóðareinkenni birtist okkur árlega, mánaðarlega, oftast vikulega, stundum daglega.

Og nú nýlega urðum við þessa vör þegar flestum ráðherrum ríkisstjórnarinnar var boðið til frumsýningar á amerískum sjónvarpsþætti sem var að hluta til tekinn á Íslandi. Hvergi í heiminum setjast ráðamenn niður með popp og kók og komast við þegar þyrllan hefur sig yfir Háafoss. Og segjast bara aldrei hafa séð aðra eins Íslandskynningu; ja hérna og jeminn góði. Milljarðavirði.

Þetta er svo klikkað, einstakt, æðislegt.

Og íslenskt. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSDIÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSDIÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarrson AÐSTOÐARRITSDIÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSDIÓRA: Guðmundur Magnússon RITSDIÓRNARFULLTRÚI: Steinnur Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSDIÓRN: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf sími 585 8330 Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



TÖLVUSKÓLINN PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Opnaðu nýjar dyr

STARFSNÁM

Tölvu- og skrifstofunám

Prautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Þetta nám hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennend er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu. Helstu kennslugreinar:

Tölvugreinar:

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Gagnagrunnskerfi - Access
- Netíð og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

Viðskiptagreinar:

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Kennsla hefst 1. febrúar og lýkur 10. maí
Morgunnámskeið: Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8:30 – 12:00
Kvöldnámskeið: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00 og laugardaga frá kl. 9:00 – 12:30
(Uppselt er í námskeiðin sem hefjast 26. jan.)

Verð kr. 136.000,- Allt námsefni innifalið.
Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða starfsmenntalán.



Margrét H. Ásgeirsdóttir
vinnur á skrifstofu Matræðs ehf.
við almenn bókhalds- og
skrifstofustörf.

„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi strax að námi loknu. Kennslan var frábær og uppbyggileg. Gef skólanum og kennurum min bestu meðmæli.“

VEFSMÍÐI

Vefsíðugerð

- I Námskeið ætlað byrjendum í vefsíðugerð. Nemendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í Frontpage. Nánari lýsing á heimasíðu skólans. Verð kr. 36.000,-
- II Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna í gerð þróaðra vefsíðna. Helstu viðfangsefni námskeiðsins: HTML, CSS og Dreamweaver. Verð kr. 39.000,-
- III Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Nánari lýsing á heimasíðu skólans. Verð kr. 42.000,-

Vefforritun

Alhliða forritun fyrir vefsíðugerð og ágætis grunnur fyrir þá sem hafa enga reynslu af forritun en vilja kynna sér hana. Hér er farið nokkuð vel í grunnþætti í þremur vinsælustu forritunarmálum vefsíðugerðar, PHP, JavaScript og VBScript. Nánari lýsing á heimasíðu skólans.

GRAFÍK & HÖNNUN

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt námskeið fyrir byrjendur í grafískri vinnslu hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Kennend er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans. Verð kr. 65.000,-



Umbrotstækni

Nýtt námskeið sem mikið hefur verið spurt eftir. Þetta námskeið veitir góða undirstöðu í hinum vinsælu umbrotsforritum InDesign og QuarkXPress en bæði þessi forrit eru í útbreiddri notkun. Einnig er veitt innsýn í meðhöndlun á Acrobat skráum bæði fyrir vefinn og prentiðnaðinn. Verð kr. 44.000,-

Tölvuökuskírteini

90 stunda námskeið til undirbúnings alþjóðlegum prófum sem votta almenna tölvufærni í öllum helstu skrifstofuforritum. Námskeið þetta hentar því sérstaklega þeim sem vilja eða þurfa á alþjóðlegri vottun á tölvukunnáttu sinni að halda.

Að námskeiði loknu geta þátttakendur fengið alþjóðlega vottun, „Tölvuökuskírteini“ (European Computer Driving License) útgefið af Skýrslutækni félagi Íslands (sjá nánari uppl. á www.sky.is) standist þeir þær kröfur sem gerðar eru í eftirfarandi greinum:

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Tölvun og stýrikerfi hennar
- Ritvinnsla: Word
- Töflureiknir: Excel
- Gagnagrunnskerfi: Access
- Framsetning á kynningarefni: PowerPoint
- Internetið

Kennsla hefst 1. febrúar og lýkur 17. apríl.

Morgunnámskeið:
Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8:30 – 12:00.
Kvöldnámskeið:
Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00 og laugardaga frá kl. 9:00 – 12:30

Verð kr 59.800,-



Önnur námskeið:

Námskeið:	Stundir:	Verð:
Access grunnur	21	19.000
Access framhald	21	19.000
Adobe Premiere Pro	36	33.000
Excel I	22	19.000
Excel II	21	19.000
Excel í skipulagi og stjórnun	18	19.000
Flash	21	26.000
FreeHand	21	26.000
FrontPage	21	22.000
InDesign	21	26.000
Outlook, póstur og skipulag	9	9.000
Photoshop	21	24.000
PowerPoint I og II	13	12.000
Publisher	22	22.000
Stafrænar myndavélar	12	15.000
Windows XP	9	9.000
Word I	22	19.000
Word II	22	19.000
Word III	22	19.000
Öryggi tölvunnar	9	12.000

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Við horfum hér í fyrirtækinu á fullnýtingu sem part af okkar virðingu fyrir umhverfinu og landi og þjóð. Þannig reynum við að koma fram af virðingu við allt og alla.“

Hollusta í heimsviðskiptum

Lýsisafurðir njóta vaxandi hylli um heim allan. Katrín Pétursdóttir stýrir Lýsi hf. sem er í mikilli sókn og tekur í notkun nýja fullkomna verksmiðju til að anna vaxandi eftirspurn. Hún segir ánægjuauka í rekstrinum að vörur fyrirtækisins bæti heilsu og lífs-gæði.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GÆTUM NOTAÐ HELMINGI MEIRA Katrín Pétursdóttir framkvæmdastjóri Lýsis hf. segir fyrirtækið geta nýtt tvöfalt meiri þorskalífur en fyrirtækið fær frá íslenskum sjómönnum. Miðað við kvóta má gera ráð fyrir að magn lífrar gæti verið fjórfalt það sem nú er. Lýsi hf. lítur á nýtingu á hráefni sem þátt í virðingu fyrir umhverfi og verðmætum.

Lýsi er með þekktari vörumerkjum á Íslandi, enda á Lýsi hf. sér langa sögu. Stofnað 1938. Hollusta framleiðsluvörunnar er runnin Íslendingum í merg og bein og efalítið liður í góðum lífslíkum þjóðarinnar.

Katrín Pétursdóttir er framkvæmdastjóri Lýsis hf., og var heiðruð af Félagi kvenna í atvinnurekstri fyrir störf sín í atvinnulífinu. Fyrirtæki hennar

og fjölskylda keyptu Lýsi hf. árið 1999 og sameinuðu eigin fyrirtæki. „Það leit út í tilkynningunum vegna verðlaunanna eins og ég væri kraftaverkakona sem hefði snúið tapi í hagnað. Þetta er ekki rétt og ranglátt gagnvart forverum mínum.“ Hún segir að áhrifin af sameiningu hafi strax skilað sér í hagkvæmari rekstri, auk þess sem áhugi á Omega-3 fitusýrum og öðrum vörum fyrirtækisins hefði vaxið. „Sá hluti

” **Neytendamarkaðurinn vex ört og við erum byrjuð að selja neytendavörur til Bandaríkjanna**

framleiðslu okkar sem fer á neytendamarkað gefur hæsta framlegð,“ segir hún. Aukin meðvitund um hollustu og nýjar rannsóknir sem renna enn frekari stöðum undir hollustu framleiðslu Lýsis hafa stutt við uppbyggingu fyrirtækisins. Lýsisframleiðslan sjálf veitir um einum og hálfum milljarði á ári, en auk þess á Lýsi hf. fiskþurrkun í Þorlákshöfn sem þurrkar og selur Þorskausa til Nígeríu og Föðurbönduna sem framleiðir dýra- og fiskafóður og var keypt í ársbyrjun 2003.

Túnfisklýsi fyrir heilann

Þorskalýsið er það sem flestir Íslendingar þekkja, en 90 prósent af lýsisframleiðslunni er flutt út. Það er heldur ekki einungis þorskalífur sem er hráefnið. Hákarl og Túnfiskur eru einnig uppspretta í lýsisframleiðslunni. Túnfiskurinn kemur á óvart „Það eru tvær megin fitusýrur sem eru í Omega-3,“ segir Katrín „EPA og DHA. EPA er sú sem vinnur gegn hjarta- og æðasjúkdómum, en DHA er sú sem hefur áhrif á frumur, heila, augu, sæðisfrumur

og svo framvegis. Menn telja að ef skortur er á DHA á fósturstigi, þá nái heilinn ekki að þroskast. Í Bandaríkjunum er bönnuð sala á dufti í barnamat sem ekki inniheldur DHA. Þá kemur að túnfisklýsinu sem er mjög ríkt af DHA.“

Túnfiskur er ekki mikið veiddur hér við land og Katrín segir að hráefnið komi frá Asíu. „Heila málið er að allt byggir þetta á þeirri þekkingu sem er í fyrirtækinu. Sú þekking sem er hér innan-dýra er gríðarlega mikil og það er fyrst og fremst hún sem er verðmæti fyrirtækisins. Fólk hér hefur mikla þekkingu á meðhöndlun vörunnar, bæði efnunum sjálfum og markaðnum.“

Katrín hefur verið í samstarfi við foreldra sína. Faðir hennar stofnaði lífrarbræðsluna í Þorlákshöfn 1983. „Ég fór síðan í að setja vörur á markaðinn í samkeppni við Lýsi. Við stóðum í mjög harðri samkeppni við Lýsi á sínum tíma, þangað til 1999 að við keyptum fyrirtækið og sameinuðum reksturinn í eitt fyrirtæki.“

Hollustan gleður

Sameiningin lukkaðist vel og eftirspurn eftir vörum fyrirtækisins hefur vaxið dag frá degi. Framleiðslugetan annar varla eftirspurninni og ný verksmiðja ris nú við Ánanaust. „Sem betur fer erum við að fá nýja verksmiðju sem tvöfaldar framleiðslu-

getuna,“ segir Katrín með tilhlökkun. Eina skuggann sem ber á reksturinn er óhagstæð þróun gjaldmiðla fyrir útflutningsfyrirtæki. Krónan er sterk og dollarin veikur. „Við seljum mikið í dollar og við vildum gjarnan sjá hærri EBIDTA-tölur í þessum framkvæmdum. Það er hins vegar ekkert við þessu að gera og maður verður að bíða þetta af sér.“

Björtu hliðarnar eru miklu fleiri. „Neytendamarkaðurinn vex ört og við erum byrjuð að selja neytendavörur til Bandaríkjanna sem ekki hefur verið markaður okkar mjög lengi. Það hafa opnast margir möguleikar. Við erum með sterkan neytendamarkað í Finnlandi og Póllandi og svo í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Magnframleiðslan fer meira á Asíumarkað.“ Katrín segir margt breytast við tilkomu nýju verksmiðjunnar. „Við erum á einstökum markaðssetningar-punkti. Verksmiðjan er með gæðastaðal sem er lyfjaframleiðslustaðall sem er einstakt. Við erum alltaf að færast nær lyfja-fyrirtækjunum, bæði í sölu og samkeppni.“ Katrín segir að þetta gildi bæði um vöru sem er þróuð úr lýsi eins og Omega-3 hylkin og fljótandi lýsisafurðir. „Það koma nánast nýjar rannsóknir á hverjum degi um jákvæð áhrif af lýsi og lýsisafurðum. Hugsaðu þér



STÆKKANDI FYRIRTÆKI Föðurframleiðsla fellur vel að rekstri Lýsis og er spennandi geiri.

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

9,3%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.
*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.12.2004 á ársgrundvelli



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfsföður skv. lögum nr. 30/2003

hvað það er gaman að vinna við svona," segir Katrín og hlær. Hún segir að það gefi mikið aukalega að vita af því að varan sem fyrirtækið framleiði hafi jákvæð áhrif á heilsu og líðan fólks. „Við lítum svo á að við séum að færa fólki betri heilsu og þar með aukin lífs-gæði.“

Fóðrið flókið og heillandi

Í útbreiðslu sinni á hollustunni nýtur Lýsi umboðsmanna víða um heim. „Í neytendavörnunni erum við í samstarfi við mjög góða aðila sem þekkja sinn markað. Í magnvörnunni er þetta meira beint milli fyrirtækja og mörg þeirra fyrirtækja sem við erum í viðskiptum við hafa verið viðskiptavinir Lýsis í yfir 40 ár. Í fyrirtækinu er mikil þekking á þessum markaði.“

Í magnútlutningnum er lýsið selt til frekari vinnslu í neytendapakningar. „Oft á tíðum eru stærstu viðskiptavinir okkar um leið okkar hörðustu samkeppnis-aðilar.“ Katrín segir að þetta hafi ekki skapað vandamál enn sem komið er því. „Þetta fer ágætlega saman og okkur hefur tekist með góðri samvinnu við þessa aðila að sneiða hjá öllum vandræðum.“

Fóðurblandan framleiðir eins og nafnið gefur til kynna fóður, bæði fyrir gæludýr og fyrir fiskeldi. „Fóðurblandan er mjög áhugavert fyrirtæki og fellur vel að því sem við erum að gera. Bæði er lýsi notað í fóðurið og svo var hún á sínum tíma í eigu Lýsis. Svo það má segja að hún sé komin heim.“

” Það koma nánast nýjar rannsóknir á hverjum degi um jákvæð áhrif af lýsi og lýsisafurðum

Fóðurgerð er flókin og til margs að líta. „Hjá okkur er einn færasti fóðurfræðingur landsins, Erlendur Jóhannesson. Það er gaman að segja frá því að hann hefur verið að þróa þorskeldis-fóður og náð fínun árangri í því. Ég veit ekki til þess að aðrir séu að fást við það hér á landi.“ Katrín segir að það þurfi að horfa til lítar í fóðrinu og étanleika. „Aðallega er það þó flottíminn sem skiptir máli. Fiskar éta á mismunandi dýpi, þannig að fóðrið þarf að fljóta á réttum stað jafnframt því að tryggja þyngd-araukningu og étanleika. Þetta er mjög skemmtileg stúdíó og fóðurbransinn mjög skemmtilegur bransi.“

Innanlandsmarkaðurinn stöðugur Þótt tengsl séu á milli fóðurhlutans og lýsisframleiðslunnar, þá eru þetta ólíkir geirar. „Lýsis-hlutinn fer að mestu á erlendan markað eða um 90 prósent. Þetta er áhugaverður bransi, en mjög lokaður. Múrarnir eru frekar háir, vegna séþekkingar á efninu, á framleiðsluferlinu og á markaðnum. Lýsi er gamalt félag og frekar þekkt og hefur alla tíð lagt mikla áherslu á gæðamál. Þannig að við höfum mjög gott orð á okkur á lýsismarkaðnum.“

Flest erum við alin upp við mikilvægi þess að taka lýsi, með mismunandi gleði þó. „Innanlandsmarkaðurinn hefur verið nokkuð stöðugur. Við erum frekar í sókn. Þorskalýsið er mjög stöðugt, en aukning í lýsissölu innanlands var um átta prósent á síðasta ári. Aukningin er fyrst og fremst vegna nýrra vöruflokka.“

Bandaríkjamarkaður er vaxandi hjá Lýsi. Katrín segir að sala á neytendavörum á Bandaríkjamarkaði hafi vaxið hratt. „Þetta er svo stór markaður að við kunnum ekkert að meta hann, skynja eða skilja. Hins vegar erum við bjartsýn á að við munum ná vel utan um þetta, af því að við erum að taka í notkun þessa nýju verksmiðju. Það væri ekki þægilegt að vera með núverandi stöðu, nema vegna þess að nýja verksmiðjan er á leiðinni.“ Katrín segir afgreiðslutíma hafa lengst og að kunnarnir myndu ekki hafa biðlund nema vegna þess að þeir vita að hann muni stytta á ný með tilkomu nýrrar verksmiðju. „Við erum svo yfir-



RANNSÓKNIR OG VÖRUPRÓUN Nánast daglega birtast rannsóknir um hollustu afurða Lýsis hf. Rannsóknir eru fyrirferðarmiklar hjá fyrirtækinu sjálfu og vöruþróun og gæðamál í öndvegi.

keyrð að hér er allt á vælandi snúningi. Ég myndi reikna með því að það taki okkur þrjú ár að fullnýta nýju verksmiðjuna miðað við þróunina undanfarið. Það er ofboðslega gaman að vera til í dag.“

Virðing í að nýta

Þorskalífur er uppistaðan í Lýsisframleiðslunni. Samkeppnisaðilinn héraðs er Múkkinn sem fylgir fiskiskipunum í von um æti. „Ég er afskaplega þakklát fyrir lífrina sem við fáum frá íslenskum sjómönnum. Við gætum hins vegar nota helmingi meir. Miðað við kvótann má leiða líkur að því að við gætum fengið

fjórnum sinnum meira af lifur, en við erum að fá í dag. Því miður fer mikið af henni í sjóinn og við höfum orðið að bæta okkur það upp með innflutningi frá Noregi.“ Katrín segir að fyrirtækið biðli nú til frystitogara og vonir standi til að það áttak skili sér í að meira af þessari hollustu og verðmæti skili sér í land. „Við horfum hér í fyrirtækinu á fullnýtingu sem part af okkar virðingu fyrir umhverfinu og landi og þjóð. Þannig reynum við að koma fram af virðingu við allt og alla. Við nýtum grútinn sem í gamla daga var dælt í sjóinn, og gerum úr því fínasta lifrarmjöl sem notað er í rækju- og álaeldi.

Þess vegna finnst okkur það virðingarleysi að hirða ekki það sem þegar er dautt og nýta ekki auðlindina til fulls.“

Katrín segir að full ástæða sé til bjartsýni í rekstri Lýsis. „Ég held að fólk sé orðið svo meðvitað um heilsu sína og þau bæti-efni sem það virkilega ekki má vera án, að þetta sé komið til að vera. Hinn kosturinn á móti því að taka lýsi er að borða tvær máltíðir af feittum fiski á viku. Ég þekki engan mann sem gerir það. Það er í rauninni algjör vitleysa að taka ekki lýsi,“ segir Katrín. Sannindi sem fleiri og fleiri hafa uppgötvað sjálfum sér til heilsu og heilla. **hafliði@frettabladid.is**



Styrkveitingar iðnaðarráðuneytis undir merkjum Átaks til atvinnusköpunar

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til tvöskonar verkefna:

- Smærri verkefna og verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu.
- Verkefna sem eru skilgreind sem sérstök átaksverkefni ráðuneytisins og ætlað er að hafa viðtæk áhrif en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki.

Umsóknir og fylgigögn

Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð. Þar skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn, kennitala, heimilisfang umsækjanda og samstarfsaðilar.
- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið í heild og einstaka áfanga þess og yfirlit um fjármögnun, þ.m.t. hvort sótt er um fjármögnun frá öðrum.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá Impru í s. 570 7267, hjá si@iti.is og á www.impra.is. Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2005.

Umsóknum skal skilað til:

Impra - nýsköpunarmiðstöð, Iðntæknistofnun, Keldnaholti, 112 Reykjavík, merkt Átak til atvinnusköpunar eða á netfangið atak@iti.is



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun



10 miðaeigendur fá milljón á þriðjudag

Á næsta þriðjudag verða 10 miðaeigendur dregin úr sem fá eina milljón króna hver og aðeins verður dregið úr seldum miðum.

Trygðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

SALVADOR DALI (1904-1989)
„Það er erfitt að halda athygli heimsins í meira en hálf tíma í einu. Sjálfum, hefur mér tekist það í tuttugu ár og á hverjum degi.“



Spænskur listmálari best þekktur fyrir súrrealísk málverk sín. Hann þótti sérvitur og játaði sjálfur að hann nýti þess að gera óvenjulega hluti með það fyrir augum að vekja athygli á sjálfum sér.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Sighvatur K. Björgvinsson fv. þingmaður og ráðherra er 63 ára í dag.



Ólafur Kvaran safnstjóri er 56 ára í dag.

Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður er 53 ára í dag.

Guðný Halldórsdóttir kvikmyndagerðarmaður er 51 árs í dag.

Ragnar Þór Hilmarsson málari er 39 ára í dag.

Sigrún Eva Ármannsdóttir söngkona er 37 ára í dag.

Sverrir Þór Sævarsson tónlistarmaður er 27 ára í dag.

ANDLÁT

Guðrún Lilja Ísberg, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður Efstaleiti 10, Reykjavík, lést sunnudaginn 16. janúar.

Frjógeir Kristjánsson, húsa- og smíðameistari, Bröttuhlíð 17, Hveragerði, lést miðvikudaginn 19. janúar.

Guðrún Brynjólfssdóttir, frá Akureyri í Vestur-Landeyjum, Njálsgæði 15, Hvolsvelli, lést fimmtudaginn 20. janúar.

Hákon Salvarsson, bóndi frá Reykjarfirði, lést fimmtudaginn 20. janúar.

Sigurður Ó. Guðmundsson, frá Siglufirði, Breiðvangi 16, Hafnarfirði, lést fimmtudaginn 20. janúar.

Þórhelður Sigþórsdóttir, er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrpey.

REYKLAUSI DAGURINN 26 ÁRA:

Betur verði stutt við þá sem vilja hætta

Í dag eru 26 ár frá því að Reyklausi dagurinn var haldinn í fyrsta sinn, þann 23. janúar árið 1979. Dagurinn hefur verið haldinn árlega frá því árið 1987 og á því verður ekki undantekning í ár, en reyklaus dagur verður 31. maí.

„Í ár langar okkur að tengja daginn aðkomu heilbrigðisstarfsfólks að tóbaksvörnum,“ segir Jakobína H. Árnadóttir, verkefnisstjóri Lýðheilsustöðvar í tóbaksvörnum. Hún segir landið koma mjög vel út í samanburði Evrópulanda á flestum þáttum tóbaksvarna, nema helst hvað varði stuðning við fólk sem vill hætta að reykja. „Upplagt er því að nota árið í ár til að taka á þeim þætti og reyna að virkja heilbrigðisstarfsfólk í tóbaksvörnum þannig að úr verði skilvirkt kerfi sem skilar góðum árangri.“

Þá segir Jakobína þrýst á um frekari breytingar sem dregið geti úr reykningum. Hún bendir á að starfsfólk veitingahúsa og skemmtistaða njóti ekki verndar vinnuverndarlaga hvað óbeinar reykningar varðar. „Það er hart kveðið á um það, bæði í tóbaksvarnalögum og vinnuverndarlögum, að allir starfsmenn eigi rétt á heilsusamlegu vinnuumhverfi. Starfsmenn veitingahúsa og skemmtistaða er eina stéttin sem ekki fær þessa vernd og við þrýstum vissulega á um að þessi mismunur verði afnumin.“ Nokkur fjöldi landa hefur þegar stigið það skref að banna reykningar á skemmti- og veitingastöðum og segir Jakobína að þar hafi svartagallspár ekki gengið eftir. „Írland var fyrst í Evrópu og svo Noregur. Svíþjóð stígur skrefið núna fyrsta júní og svo Ítalía eins og greint hefur verið frá.“

Þá er Nýja-Sjáland búið að þessu og nokkur fylki í Kanada og Bandaríkjunum,“ segir hún og bendir á að Kalifornía hafi fyrst farið þessa leið árið 1998 og gengið mjög vel. „Það er mikið til af rannsóknunum um áhrif reykningabanns á aðsókn að skemmti- og veitingastöðum,“ segir hún og bætir við að

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



JAKOBÍNA H. ÁRNADÓTTIR Verkefnisstjóri í tóbaksvörnum segir landið alltaf hafa staðið framarlega í tóbaksvörnum og spurninguna tæpast geta verið hvort, heldur hvenær reykningar verði bannaðar á veitingahúsum og skemmtistöðum.

þær bendi ekki til þess að bannið skaði reksturinn. „Í New York varð til dæmis 9 prósentu aukning í rekstri og nýjum starfsleyfum fyrsta árið eftir að bannið tók gildi.“ Þá segir hún nokkuð haldið á lofti tölum um að 108 veitingastaðir í Noregi hafi farið á hausinn

á fyrsta ársfjórðungi í kjölfar reykningabanns, en í þeim fregnum hafi gleymst að minnast á að þannig hafi það verið í hverjum einasta ársfjórðungi áður. „Ég skil áhyggjur veitingamanna, en það virðist ekkert benda til þess að ástæða sé til að hafa áhyggjur.“ ■

Ágrip af sögu Tóbaksvarnaráðs 1969-1996:

- 1969** Fyrsta lagaákvæðið sem miðar gagnert að því að draga úr tóbaksreykingum. Varað er við skaðsemi reykinga á sigarettupökkum.
- 1972** Samstarfsnefnd um reykningavarnir stofnuð.
- 1975** Haldnar tvær tóbaksvarnavikur, um vor og haust.
- 1976** „Herferð gegn reykningum“ haldin í grunnskólum landsins og reyklausa skákmótíð „Skák í hreinu lofti.“
- 1977** Sjónvarpsnámskeiðið „Hættum að reykja“ haldið. Ný lög um tóbaksvarnir taka gildi þar sem allar tóbaksauglýsingar eru bannaðar.
- 1979** Fyrsti reyklausidagurinn, 23. janúar.
- 1982** Annar reyklausidagurinn og fyrsta íslenska heimildarmyndin um afleiðingar reykninga „EKKI ÉG“ gefin út.
- 1983** Frumvarp til laga um tóbaksvarnir lagt fyrir Alþingi.
- 1984** Reykingar í atvinnuflugi innanlands bannaðar með reglugerð.
- 1985** Reglur settar um tóbaksvarnir á vinnustöðum. Ýmis ákvæði úr nýjum tóbaksvarnalögum koma til framkvæmdar.
- 1987** Þriðji reyklausidagurinn.
- 1993** Reykingar í Evrópuflugi bannaðar með reglugerð.
- 1994** Kvikmyndahúsin reyklaus 1. desember.
- 1995** Reykingar bannaðar í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra ríkja.
- 1996** Bann við tóbakssölu til einstaklinga yngri en 18 ára. Bann við fínkornöttu neftóbaki og munntóbaki.

Heimild: Vefur Lýðheilsustofnunar/samantekt Þorvarðar Örnólfssonar



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Jóhann Magnússonar

bifreiðaskoðunarmanns á Ísafirði.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar.

Haldóra Jóhannsdóttir, Dagný S. Sigurjónsdóttir, Magnús Már Þorvaldsson, Elva J. Jóhannsdóttir, Barði Önnundarson, Magnús Ö. Jóhannsson, Helga G. D. Haraldsdóttir, Heiðrún B. Jóhannsdóttir, Ari K. Jóhannsson og Harpa Henrysdóttir.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarþug við andlát og útför, ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Stefán Þórðarsonar

Reykjahlíð 10.

Sérstakar þakkir færur við Jóni Eyjólfni lækni og starfsfólki öldrunardeildar LHS fossvogi og líknardeild Landakots fyrir góða umönnun.

Ólóf Stefánsson, Hannes Þór Ragnarsson, Þóra María Stefánsson, Kristinn Stefánsson, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafáðir, bróðir og afi

Kristján Pétursson

Laxagötu 3a, Akureyri

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 26. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hans er bent á að láta Heimahlýningu á Akureyri njóta þess.

Þórkatla Sigurbjörnsdóttir

Guðrún Heiða Kristjánsdóttir, Þorsteinn Krüger

Pétur Guðjón Kristjánsson, Júlía Gardarsdóttir

Helga Sóley Kristjánsdóttir, Halla Björk Kristjánsdóttir

Kristín Mjöll Kristjánsdóttir, Atli Steinn Friðbjörnsson

Pétur Ágúst Pétursson og afabörn.

Barnabíó Norræna hússins að hefjast:

Strákurinn Hodder sýnd í dag

Í dag hefst Barnabíó Norræna hússins, en það er orðinn fastur liður í barnadagskrá hússins. Barnabíóið er þáttur í verkefninu Norðurlöndin í fókum sem hefur að markmiði að miðla norrænni menningu og hvetja til aukins skilnings og áhuga á fjölmörgum þáttum hennar, meðal barna jafnt sem fullorönnu.

Í tilkynningu Norræna hússins kemur fram að myndirnar, sem sýndar verða einn sunnudag í mánuði fram á vor, hafi vakið athygli í heimalöndum sínum og víðar og tekið þátt í alþjóðlegum

kvikmyndahátíðum. „Í þeim er fjallað um ýmsa erfiðleika sem börn geta staðið frammi fyrir, í samskiptum við jafnaldrana sína og fullorönnu. Viðfangsefnið er miðað á nærgættinn og oft bráðskemmtilegan hátt. Myndirnar höfðu ekki síður til fullorönnu en barna.“

Klukkan tvö í dag er sýnd danska myndin „Strákurinn Hodder“ eða „En som Hodder“ og er byggð á verðlaunaskáldsögu Bjarne Reuter. Leikstjórnin, Henrik Ruben Genz, hlaut Glerbjörninn á Kvikmyndahátíðinni í



HODDER LENDIR Í ÝMSUM ÆVINTÝRUM.

Berlín 1999 fyrir stuttmyndina Bror, minn bror sem einnig var tilnefnd til óskarsverðlauna, en Strákurinn Hodder er hans fyrsta kvikmynd í fullri lengd. Í myndinni er fjallað um 9 ára móðurlausan dreng sem býr einn með pabba sínum. Myndin er textuð á dönsku. ■

CR-V

HONDA
The Power of Dreams

4x4 x frumsýning

Nýr CR-V fjölskyldubíll frumsýndur í dag



HEB & NO / SA

Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjæppinn í sínum flokki (Edmundsson.com)
Bestu kaupin í sínum flokki (InteliChoice)
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
Fyrsti borgarjæppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)



Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

2.749.000 kr.

35.160 á mánuði*

Komdu í Bernhard, Vatnagörðum

og kynntu þér bestu kaupin á borgarjæppa í dag frá 12 - 16 honda.is



Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tækniþúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftþúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftþúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stínga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.

Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

* Blíðsamningur Lysingar - 10% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** Bíll á mynd er CR-V Executive

Skoðaðu nýjan **Focus**

Nýtt tákni

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi	Frjókornasía
TRACS spólvörn	Upphitanlegir hliðarspeglar
Loftkæling	Rafstílltir hliðarspeglar
Stíllanlegur hiti í framsætum	Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Öryggisþúðar að framan	Fjarstýrd samlæsing
Öryggisþúðar í hliðum	Fjölstíllanlegt stýri
Öryggisþúðagardínur	Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
ABS hemlakerfi	Fjarstýring fyrir hljómtæki
EBD hemlajöfnun	Aksturstólva og útihitamælir
EBA hjálparhemlun	

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni af frumsýningu Ford Focus.



Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 ára	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	1.896.000 kr.	1.990.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	1.996.000 kr.	2.090.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6	2.096.000 kr.	2.190.000 kr.
Bílasamningur Lýsingar		
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	23.456 kr.	24.609 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	24.687 kr.	25.845 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6	25.924 kr.	27.081 kr.
Rekstrarleiga Lýsingar		
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	31.578 kr.	32.971 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	33.106 kr.	34.530 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6	34.174 kr.	35.628 kr.

*Ath. sjálfskiptingin er líka á lægra verði: 94.000 kr!

Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma	Raddstýring fyrir:
AFS Halogen beygjuljós	- hljómtæki
DVD spilari í lofti og skjár	- síma
Fjöltengi fyrir heyrnartól	- leiðsögukerfi
Kæling í hanskahólfi	Aðfellanlegir speglar
Leiðsögukerfi með litaskjá	Sólarvörn í framrúðu
6 diska Sony hljómtæki	Sportfjórðun
Bakskynjari	Sjálfvirkur „dimmer“
Regnskynjari	á baksýnispegli
Leður- eða sportsæti	Hraðastillir
Rafdrifid ökumannssæti	Rafdrifin sóllúga

Nýr Ford Focus 3 dyra



Nýr Ford Focus 5 dyra



Nýr Ford Focus Wagon



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl. myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur og þokuljós.



Komdu á stór-frumsýningu Ford Focus í Brimborg, í dag.

Nýr Ford Focus frumsýndur á þremur stöðum í dag

Komdu í Brimborg í dag. Fáðu þér gómsætar nýbakaðar vöflur og ilmandi gott kaffi á Café Focus í Brimborg Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ.

Krakkar, komið líka með mömmu og pabba og hittið blöðru trúða með blöðrulist og faglega andlitsmálun. Húsið er opið kl. 11-17. Vertu með.

Komdu í Brimborg.



um gæði

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi


Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun! Skoðuðu vinsælasta bíl í heimi.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!



Ford Focus er vinsælasti bíll í heimi. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst meira en nokkur annar bíll eða yfir 4 milljónir bíla. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum og sem mest selda bíll í heimi í afmælisútgáfu sinni fyrir 2005. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning) og er Ford nú þriðja vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford Focus.



Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.



Öruggur staður til að vera á

Aldrei verið hamingjusamari

Í Alfræðibókinni er Guðrún Ásmundsdóttir sögð gamanleikkona. Hún segir það upphefð. Að góður gamanleikur sé alltaf byggður á svörtum bakgrunni; mikilli lífsreynslu. Að alvara búi á bak við alla myndni. Að húmoristar séu þeir sem geri grín að sjálfum sér. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir kynntist báðum grimum Guðrúnar.

Húsið er ekta íslenskt. Skammt frá lygnum sjó við Ánanaustin. Á borðstofuborðinu glepja vopnfirskar flatkökur og kindakæfa sem húsfreyjan fékk í fangursnesti fyrir um morguninn, þótt kæstur hákarl hafi farið beint í kælinn.

„Hann Birgir minn hefði aldrei fyrirgefið mér að afþakka hákarlinn,“ segir hún blöðlega og starir ástföngnum augum á þriðja eiginmann sinn og þann langbesta, eins og hún segir sjálf. Á milli þeirra er áþreifanleg rómantík; hlýja og kærleikur.

Þegar uppáhellingin er komin í bollana fæ ég söguna um ást við fyrstu sýn hjá honum. Ást við aðra sýn hjá henni. Guðrún Ásmundsdóttir hefur orðið.

Ástin óx á trjánum

„Ég hafði verið fráskilin í ár þegar í mig hringir góð vinkona austan úr Holtum. Sagðist hafa dreymt mig um nóttina og hvort ég ætli ekki að koma í heimsókn? Ég var reyndar að mála húsið, en stóðst ég ekki mátið þegar hún segist ætla að taka sér frí til að taka á móti mér. Þigg þar dýrindis hádegisverð og fer í útreiðartúr. Að honum loknum vill vinkona mín heimsækja Birgi Matthíasson á Hrafnatóftum. Tekur með sér pönnukökupönnu og hefur bakstur í mannlausu húsinu en skömmu síðar kemur Birgir inn og segir folald hafa fæðst um nóttina. Við gengum þá út í haga og skoðum folaldið og trjáræktina hans Birgis. Á endanum gefur hann mér fallegasta tréð en segist sjálfur ætla að gróðursetja það í garðinum mínum. Svo kemur hann og gróðursetti ekki bara tréð úti í garði heldur líka ástina í hjarta mínu.“

Birgir horfir ástúðlega á eigin konu sína rifja upp þessi örlög og segir hafa sannast að ástin vaxi á trjánnum í þeirra tilfelli.

„Það kom ekki til greina að Guðrún fengi tréð strax því þá hefði hún þakkað fyrir sig, kvatt og aldrei komið aftur. Ég vissi strax að ég vildi eiga hana og ákvað því að koma með tréð sjálfur,“ segir Birgir, bóndi í Hrafnatóftum, en þau hjónin lifa í fjarbúð.

„Eftir að ég gifti mig hef ég verið að kynna Rangárvallasýslu og heimsæki Birgi þangað mikið á sumrin. Hann er svo lungann úr vetrinum hjá mér,“ segir Guðrún, en Birgir, sem var ógiftur áður, segir undarleg örlög að hafa kvænst frægri leikkonu.

„Mér fannst ég passa ákaflega illa inn í þessa mynd á tímabili, enda nýr heimur fyrir mér. Ég hafði reyndar einu sinni komið í leikhús áður, en þá sá ég einmitt Konu í leikstjórn Guðrúnar.“

Guðrún segir Birgi þann langbesta af þremur eiginmönnum. „Kannski af því að við kynntumst á því tímabili ævinnar þegar hjón geta notið samveru hvors annars. Þegar maður er ungur er svo óskaplega margt sem togar; börnin, vinnan og hvunndagsstredið, en nú er komin kyrrð í tilveruna. Ég held að ekkert sé stórkostlegra þegar maður eldist en að eiga félagu sem reynist manni vel.“

Best að hafa Guð í sínu liði

Þótt Guðrún sé borgarborn og Birgir kunnir best við sig í sveitinni er ljóst að þar fer mikill heimsmaður. Á Hrafnatóftum reisti hann gróðurhús sem aðallega hefur verið samkomustaður fyrir Guðrúnu og gesti þeirra hjóna. „Eitt sinn var hér biskup frá Singapore, mikill vinur minn, sem prédikaði í Kálholtskirkju. Mér þótti leitt að kirkjugestir fengju ekki tækifæri til að spjalla við biskupinn eftir messuna og bauð öllum heim á Hrafnatóftir, í



GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR, EIN DÁÐASTA LEIKKONA ÞJÓÐARINNAR Líf Guðrúnar hefur verið stráð sorgum og gleði, en leikhúsið hefur átt hana frá fimmtán ára aldri, þegar hún svindlaði sér inn í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar með því að segja ósatt til um aldur sinn.

nýja gróðurhúsið. Og Birgir – í stað þess að taka því illa og benda á uppvaskið frá því í hádeginu – tók strax vel í hugmyndina og fór í kaupfélagið að kaupa osta, kökur og kex. Svo fylltist gróðurhúsið og úr varð merkasta partí, en þá sagði ein konan: „Ég held það eigi aldrei eftir að verða trjárækt hér í gróðurhúsinu. Það á bara eftir að verða mannækt!“ segir Guðrún hlajandi yfir því hve gesturinn reyndist sannspár.

Þau Birgir höfðu verið saman í þrjú ár áður en þau gengu í það heilaga fyrir áratug. Það var Birgir sem gaf tóninn þar.

„Tvær fullorðnar manneskjur þurfa að gefa sér góðan tíma til að ná saman, því ekki er aftur snúið þegar hjónabandið er innsiglað. Ég er ekki maður skilnaða eða slíkra uppákoma. Svoleiðis hefur maður þroskast með árunum.“

Guðrún segist hiklaust hafa viljað giftast í þriðja sinn. „Því ég er trúuð og finnst hjónabandið mikilvægast af öllu. Fyrir Guði er það dýrmætur sáttmáli og hjónabandið það helgasta í tilverunni. Hafi maður Guð í liði sínu á maður séns. Auðvitað mistekst okkur manneskjnum stundum en ef við höfum Guð með okkur eru meiri líkur á að hjónabandið haldi.“

Hún segir skipbrott hjónabands jafnframt mestu þrekaun manneskjunnar. „Margir segjast hafa skilið í góðu; að allt hafi farið vel, en ég segi hiklaust að þá sé fólk að

ljúga því það hafi gengið í gegnum ægilegustu reynslu lífs síns. Nútíminn vill gera hjónaskilnað léttvægan en skilnaður er brennandi eldur. Hjónabandið verður alltaf vandleikið. Ást þarf að fá að gróa í rólegheitunum, rétt eins og tréð sem Birgir gaf mér. Eftir stendur maður með öll árin sín, alla vinina, virðingu fyrir þeim góðu mönnum sem ég var gift og börnin okkar þrjú, því hvert einasta þeirra hefur verið gleði lífs míns.“

Í fóstri hjá Birni afa

Þriggja ára missti Guðrún móður sína úr krabbameini, rúmlega fertuga að aldri. Faðir hennar, þá kominn á sjötugsaldur, bugaðist við konumissinn. Guðrún og bróðir hennar Páll fóru því í fóstur þar til Guðrún varð tíu ára að hún fór aftur til pabba síns.

„Þá uppgötvaði ég að það að vera blóðskyldur einhverjum skiptir ekki máli. Það fólk sem reyndist mér best var mér alls óskýlt. Við systkinin fórum í fóstur hjá ágætisfólki í Grafarholti þar sem ég eignaðist vin í gömlum manni sem sá hvað ég var umkomulaus og ákvað að þessi litla stúlka yrði sín. Hann tók mig að sér, lék við mig, kenndi mér að lesa og skrifa, en ég kallaði hann afa. Hefði ég gert eitthvað af mér fór ég til afa og faldi mig undir skegginu hans. Eftir að ég varð unglingur og heimsótti Grafarholt

lét Björn afi mig ávallt lesa upphátt fyrir sig. Mér fannst það hallærislegt og eitt sinn sleppti ég því að kveðja hann til að losna við lesturinn. Það var í síðasta skiptið. Svo var hann dáinn. Seinna fékk ég í hendurnar gulnaðan bréfabunka með bréfum Björns til pabba sem öll voru um mig. Í síðasta bréfinu skrifar hann: „Fuglinn minn var floginn, án þess að kveðja“. Það var átakanlegt að lesa, en hann var fyrsta manneskjan sem ég kynntist sem einblíndi ekki bara á eigið hold og blóð, heldur sá hvar þörfin er.“

Fann Guð í Oxford

Guðrún fékk leikaradellu á unglingsárunum og sótti um í Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar aðeins fimmtán ára gömul.

„Í viðtalinu laug ég til um aldur svo ég kæmist inn. Ég sé ekki eftir því og komst inn í síðasta hollíð sem þessi merki kennari tók að sér. Eftir þriggja ára nám hjá Lárusi tók ég inntökuþróf í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og eftir útskrift þar fór ég utan til Englands í frekara leiklistarnám. Þetta voru mörg ár í námi, en gáfu mér mikið.“

Eftir tíu ára sviðsleik fór Guðrún út í leikstjórn. Þar komst hún að því að ekki þýddi fyrir konu að sitja frammi í sal og skipa fyrir.

„Maður þurfti að sjarmera, vera lítill í sér, með rök augu og

Cuban Salsa með Edwin



31.01- 03.02
4 dagar = 6 tímar



Lærðu Salsa. Tískudansinn í ár.



Innritun og upplýsingar í síma 551 3129 frá 16-20



Brautarholti 4
Sími 551-3129

láta karlana redda stúlkunni. Þá fékk maður það sem mann vantaði.“

Óg svo byrjaði hún að skrifa eftir að hafa tekið heita trú í Oxford, þegar hún forvitnaðist um afdrif skólastyr sinner, sem söðlaði um og fór í guðfræði.

„Í kirkju í Oxford upplifði ég stórkostlegan hlut þegar presturinn bað þá sem vildu eignast Krist í sínu hjarta að sitja eftir. Í mér, ungri leikkonu sem átti fallegasta manninn í Reykjavík, yndislegasta barnið og gekk vel í leikhúsinu, vantaði eitthvað og var mikið tóm, svo ég ákvað að verða eftir á kirkjubekknum. Ekkert gerðist nema hvað presturinn sagði okkur hafa gert það erfiðasta; að viðurkenna þörf okkar fyrir Guð, og nú hefði hann tekið við okkur. Ári síðar lenti ég í krísi og fannst lífið harla erfitt. Missti fótanna og fékk taugaáfall, en hafði þá tekið barn í fóstur. Taldi mig réttu manneskjuna þar sem ég hafði verið sett í fóstur eftir móðurmissinn. Í stað þess að hjálpa barninu grét ég með því og varð aftur að móðurlausu stelpunni. Þurfti því að láta barnið frá mér og fannst ég bregðast öllu sem ég vildi vera. Ég gat ekki hugsað mér að senda hana aftur á þann stað þar sem henni hafði liðið illa. Þar sem ég stóð grátandi í stofunni mundi ég eftir Oxford. Teygði mig í Biblíuna, opnaði og þar stóð Daníel: „Frá þeirri stundu er hugur þinn beindist að andlegum efnum, og þú lítillækkaðir þig fyrir Guði þínum; vegna þess er ég hingað kominn.“ Ég sá ekkert merkilegt, en þarna var hann kominn. Ég lagðist róleg til hvílu og svaf sem barn til morguns. Var ekkert hissa morguninn eftir þegar barnlaus hjón hringdu og báðu um stúlkuna mína í fóstur. Guð var tekinn við. Það var ekkert sem ég réði lengur.“

Dauðamaður hringir

Eftir þessa trúarreynslu hóf Guðrún leitina með hjálp séra Auðar Eir sem leiddi hana fyrstu skrefin. Ævintýrin tóku við hvert af öðru en Guðrún á óteljandi vitnisburði um mátt bænarinnar og Guð almáttugan.

„Á Þorláksmessu, eftir að hafa talað um trú mína í sjónvarpssal, hringir síminn klukkan hálféitt um nótt. Á línunni er kæfð rödd: „Þú ert Guðrún Ásmundsdóttir. Þú viðurkennir trú þína í fjölmiðlum. Ég gef þér fimm mínútur. Talaðu! Ég ætla að fyrirfara mér. Talaðu!“ Ég fór auðvitað í baklás en bað Guð að svara þessum manni. Ræði við hann nokkra stund. Þá segir röddin, gjörbreytt: „Þá þarf ég ekkert að tala við þig.“ Ég man ekki hvað ég sagði en bað allan tímann að vísdómur Guðs talaði til hans. Þessi maður hringdi svo alltaf einu sinni á ári og við urðum bestu trúnaðarvinir þótt við sæumst aldrei. Áttum þetta leyndarmál saman. Ég veit að hann er dáinn, því hann er hættur að hringja.“

Í fótspor Ólafíu

Fyrsta leikritið sem Guðrún skrifaði var um tröllabarnið Lómu og hét „Mér er alveg sama þótt ein-

hver sé að hlæja að mér“. Boðskapurinn var kristilegur og fór fyrir brjóstið á mörgum sem sögðu guðsbarnahljótóm vesen og leiðindi. Lóma varð síðar að bók og Guðrún skrifaði fleiri kristileg leikrit; Kaj Munk og Heilagan syndara. Nýjasta leikrit hennar fjallar um Ólafíu Jóhannesdóttur, einstaka konu sem gaf öðrum kærleika og veitti aðstoð um aldamótin 1900.

„Í átta ár kannaði ég líf Ólafíu sem var stórkostlega merkileg kona. Eftir allan þann tíma var erfitt að troða efninu í eins og hálfstíma leikrit. Mér tókst að stytta það og hélt að stóru leikhúsin yrðu himinlifandi að fá leikrit um þessa merku konu. Það var nú aldeilis ekki. Leikhússtjórnarnir spurðu bara hvort ég héldi virkilega að kerling sem gerði góðverk í kringum 1900 væri efni í leikrit. Ég sótti

þá um styrki alls staðar; tvisvar til Reykjavíkurborgar en fékk ekki neitt. Samt vann þessi kona slík afrek fyrir Reykjavík að ekki er hægt að lýsa því. Norðmenn hafa sýnt henni mikla vegsemd. Í Ósló er minnisvarði um Ólafíu þar sem stendur: „Vinur hinna ógæfusömu.“ Þar er líka gata nefnd eftir henni, Olafía-gate, og stór spítali, Olafía Klinikin. Ég frétti svo af afhjúpun minnisvarða um Ólafíu á Mosfelli, þar sem hún var fædd og fékk eina og hálf milljón frá Listasjóði með frumsamið leikrit og ellefu leikara. Þetta voru leikarar í fremstu röð sem vildu hjálpa mér þrátt fyrir lítinn sem engan aurinn. Við frumsýndum svo á Mosfelli, en það var mikill léttir að geta loks farið í Ólafíuferð á bernskuslóðir hennar, sagt sögur á leiðinni og hafa leikara sem taka við hér og þar,“ segir Guðrún og vísar til fyrirtækis

þeirra Birgis, Storytrips, sem heldur utan um menningartengda ferðaþjónustu og býður dagsferðir á slóðir Einarssonar og Ólafíu Jóhannesdóttur.

Leikhús á hjólum

„Við byrjuðum á slóðum Einarssonar. Ben. í Herdísarvík og í húsi hans á Eyrarbakka, þar sem við höfðum með okkur listamenn til að flytja ljóðin hans, segja sögurnar og syngja. Þessar ferðir gengu vel og urðu mikið ævintýri. Ég varð uppveðruð af þessari reynslu því til að segja sögur þessa fólks dugar ekki einn og hálfur tími í leikhúsi, þar sem allt er svo dýrt og þungt í uppsetningu. Maður kemur í uppsetningu. Maður kemur í Herdísarvík og hvíll leiktjöld! Geitahlíðin, litla húsið, hafið; veggirnir tala með manni. Það er engu líkt að flytja ljóð Einarssonar inni og horfa út um sama glugga

og hann forðum. Reyndar er Herdísarvík, eins og Selvogurinn, þessir afskekktu staðir í auðninni handan borgarinnar, nú í útrým-ingarhættu með tilkomu Suðurstrandarveggar, en staðurinn er falin paradís. Það fer að verða síðasta tækifærið til að koma þangað í kyrröina og friðinn. Þetta er reyndar orðin svo mikil dilla hjá mér að nú vil ég færa út kvíarnar og fara norður á slóðir Jónasar og Davíðs. Þetta er nýjasta ævintýrið í mínu lífi; eins konar leikhús á hjólum. Framtíðin með magnaða dagskrá um merkilegt fólk í yndisfögru landi. Ég verð sjötug á næsta ári. Hef oft hugsað: Vildi ég verða ung aftur? En mig langar ekki til þess. Það er svo mikið stress. Maður þarf alltaf að vera að meika það. Aldrinum fylgir frelsi. Ég hef aldrei verið hamingjusamari.“ ■

VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

RISA ÚTSALA

á 100 völdum bílum

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Mikill afsláttur
Opið alla helgina

OPNUNARTÍMAR
LAUGARDAGUR.....10-17
SUNNUDAGUR.....12-17

VERÐDÆMI	VERÐDÆMI	VERÐDÆMI	VERÐDÆMI
AFSL. 410 ÞÚS.	AFSL. 250 ÞÚS.	AFSL. 340 ÞÚS.	AFSL. 310 ÞÚS.
			
OPEL ZAFIRA Skráður 09/03 ekin 19 þ.km Verð kr. 2.190 þ.kr.	VOLKSWAGEN GOLF Skráður 12/96 ekin 153 þ.km Verð kr. 570 þ.kr.	SUBARU FORESTER Skráður 06/99 ekin 151 þ.km Verð kr. 1.100 þ.kr.	SUBARU LEGACY Skráður 07/03 ekin 52 þ.km Verð kr. 2.080 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.780 þ.	Útsöluverð kr. 320 þ.	Útsöluverð kr. 760 þ.	Útsöluverð kr. 1.770 þ.

100% lánamöguleikar

Söluáðgjafar notaðra bíla sími 525 8020



Pétur Björnsson
sölustjóri.
Sími 525 8000
Netfang: petur@ih.is

Guðmundur J. Ólafsson
söluáðgjafi.
Sími 525 8022.
Netfang: guðmundur@ih.is

Garðar Már Garðarsson
söluáðgjafi.
Sími 525 8027.
Netfang: gardar@ih.is

Ragnar Borgþórsson
söluáðgjafi.
Sími 525 8029.
Netfang: ragnarb@ih.is

Sigurður Ófeigsson
söluáðgjafi.
Sími 525 8028.
Netfang: siggi@ih.is

Veitingar í boði



Heppnir viðskiptavinir geta unnið bensínkort frá



TRÚUÐ GAMANLEIKKONA Margir sögðu Guðrúnu ekki geta verið leikkonu eftir að hún tók að leita Jesú Krists og gerðist trúuð eftir messu í Oxford. Guðrún sagðist ekki kunna annað, enda yrði hún að sjá fyrir sér eins og aðrir.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið:Mánudaga – föstudaga kl.9:00–18:00 og laugardaga kl.13:00–17:00

ÚTSALA

á hreinlætistækjum

Vaskar



Verð: 11.900,-

*7.900,-

Handlaugar

Verð frá: 29.900,-

*19.900,-



Blöndunartæki

Frábært úrval blöndunartækja



Verð: 9.900,-

*4.900,-



Verð: 7.990,-

*4.900,-



Verð: 14.900,-

*9.999,-



Verð: 15.900,-

*9.999,-

Sturtuhausasett



Verð frá: 7.990,-

*3.990,-

Salerni



Verð: 58.000,-

*39.900,-

Handklæðaofnar



Hvítur:

Verð: 29.900,-

*19.900,-

Króm:

Verð: 39.900,-

*29.900,-

60 x 60 sm

60 x 120 sm




HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík

Sími 567 1010

www.parket.is



Kortíð sýnir virkjunarkosti 1. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, útg. af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu 27. nóvember 2003.

Viljum sýna heildarmyndina

Tíu náttúruverndarsamtök standa að útgáfu Íslandskorts sem sýnir áhrif stóriðju á Íslandi eftir fimmtán ár ef áætlanir stjórnvalda ná fram að ganga. Talsmenn útgáfunnar vilja opna umræðuna og benda á skynsamari valkosti.

M eð þessu korti erum við að hvetja fólk til að skoða heildarmyndina. Við viljum að fólk spyrji sig hvert við erum að stefna og minnum á að það er aldrei of seint að skipta um stefnu,“ segir Ásta Arnardóttir verkefnisstjóri Íslandskortsins sem gefið var út á föstudag. Kortíð sýnir áhrif stóriðju á Íslandi eftir fimmtán ár ef áætlanir stjórnvalda ná fram að ganga. Í tilefni útgáfunnar var blásið til kynningarfundar á Hótel Borg sem var fjölsetinn. Tíu náttúruverndarsamtök hvaðanæva af landinu komu að gerð kortsins sem var unnið í sjálfbodavinnu.

Áhrif vatnsfallsvirkjana ofmetin

Á kortinu er gengið út frá Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 1. áfanga, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gaf í árslok 2003. Þar kemur fram að mest áhersla hafi verið lögð á vatnsaflsvirkjanir, sem séu einföldustu en um leið skaðlegustu virkjanakostir í ljósi umhverfisáhrifa. Þá segir Ásta að áhrif vatnsfallsvirkjana séu ofmetin. „Til að ná markmiðum sínum þurfa yfirvöld að virkja allar helstu jökulár landsins. Orkan sem fæst úr vatnsfallsvirkjunum er mjög lítil miðað við þá gríðarlegu eyðileggingu sem þær hafa í för með sér á miðhálandinu.“



ÁSTA ARNARDÓTTIR Það fæst lítil orka úr vatnsaflsvirkjunum miðað við fornar-kostnaðinn.

Ásta segir að í Rammaáætlun séu mikið af upplýsingum um mögulega virkjunarkosti „og við spyrjum hvornig ætla stjórnvöld að nota þessar upplýsingar? Það kemur til dæmis fram að jarðvarmavirkjanir eru jafn hagkvæmar og vatnsaflsvirkjanir en hafa þann kost fram yfir að þær valda ekki nærri jafn miklum umhverfisspjöllum.“

Ásta segir að djúpbörnun sé valkostur sem lofi góðu þar sem rannsóknir bendi til þess að orkugeta þeirra geti verið fimm til tíu sinnum meiri en vatnsaflsvirkjana og umhverfisáhrifin þó langtum minni. „Djúpbörnun er spennandi verkefni og það þarf að gefa því góðan tíma að rannsaka hana og leggja í það fé.“

Það væri skynsamleg stefnbreyting af hálfu stjórnvalda ef þau væru tilbúin að gefa sér tíma til að rannsaka djúpbörnanir og velja virkjunarkosti í umhverfisflokk A.“



RYNT Í KORTIÐ Páll Steingrímsson kvikmyndagerðarmaður, Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur og Friðþjófur Helgason kvikmyndatökumaður skoða kortíð. Allir hafa þeir verið virkir í umræðunni um umhverfismál.

Eftirmyndir fremur en frummyndir

Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður hélt erindi á kynningarfundinum á Hótel Borg. Þorvaldur gerði að umtalsefni sínu það gildismat sem hann telur að liggja að baki stóriðju. Hann sagði að í samtímanum væru eftirmyndir taldar dýrmætari en frummyndir og nefndi sem dæmi að það myndi eflaust valda meiri usla ef náttúruáhrifum eftir Jóhannes Kjarval eða Ásgrím Sveinsson og aðra meistara væru eyðilögð, frekar en þegar náttúran sjálf er eyðilögð. „Við borgum mönnum jafnvel fyrir að eyðileggja hana.“ Þorvaldur segir að ágæti manns og náttúru væri ekki metin út frá þeirra eigin kostum. „Maðurinn og náttúran eru skilgreind út frá skorti, það er út frá því sem vantar uppá en ekki út frá hver eða hvað þau eru. Gildi manna er metið út frá því sem þeir hafa aflað sér en ekki hverjir þeir eru.“ Þorvaldur sagði að sömuleiðis hefði náttúran sem slík ekkert sjálfstætt gildi heldur væri það metið út frá til dæmis virkjunarmöguleikum.



ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON segir náttúruna vera talda einskis virði sem slíka heldur væri ágæti hennar skilgreint út frá virkjunarmöguleikum.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 11.05 13.35 16.06
 AKUREYRI 11.13 13.20 15.28
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 23. janúar, 23. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Kynningarfulltrúi
- Bifvélavriðjar
- Sölumaður
- Skólaliðar
- Tölvunarfræðingur
- Kerfisfræðingur
- Stærðfræðikennari
- Aðstoðardeildarstjóri
- Umsjónakennari
- Hjúkrunarfræðingur
- Störf við ræstingar
- Leikskólakennarar
- Lyfsali
- Stuðningsfulltrúi
- Deildarstjóri

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 10

Flokkar & fjöldi

- Bílar & farartæki 109 stk.
- Keypt & selt 15 stk.
- Þjónusta 14 stk.
- Heilsa 16 stk.
- Skólar & námskeið 1 stk.
- Heimilið 16 stk.
- Tómstundir & ferðir 5 stk.
- Húsnæði 19 stk.
- Atvinna 20 stk.
- Tilkynningar 1 stk.



Land Rover Freelander árg 2/00 ek. 106 þús, beinsk, V 1320 þús. Uppl í síma 6699532



Pú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Helgu hefur dreymt um eigið fyrirtæki frá því hún var í grunnskóla.

Tekur í en er líka heilmikið fjör

Tvítug stúlka á og rekur hina rótgrónu snyrtistofu Salon Ritz á Laugavegi 66.

„Ég er búin að vera með reksturinn í tvo mánuði og þetta gengur mjög vel, jafnvel betur en ég átti von á,“ segir Helga Sigurðardóttir snyrtifræðingur á Salon Ritz sem gerði sér lítið fyrir og keypti snyrtistofuna í haust, aðeins tvítug að aldri. Þegar undrast er yfir áráði hennar segir hún. „Þetta hefur alltaf verið efst í huga mér frá því ég var í grunnskóla svo þegar ég komst að því að stofan væri til sölu ákvað ég að skella mér út í þetta. Auðvitað tekur þetta í en er líka heilmikið fjör.“

Helga lærði fræðin í Snyrtiskólanum í Kópavogi og kveðst hafa unnið á Salon Ritz síðustu mánuðina á samningnum því meistarinn hennar hafi verið þar. „Ég kláraði samninginn á föstudegi og tók svo við stofunni mánuðeginum á eftir,“ upplýsir hún.

Salon Ritz er á annarri hæð við Laugavegin og því er útsýni gott úr gluggunum. „Mörgum finnst skemmtilegt að sitja hér og horfa á mannlífið og þeir sem koma nýir inn minnst allir á það,“ segir Helga brosandí. Hún kveðst hafa tekið við mörgum föstum viðskiptavinum enda hafi stofan verið við lýði frá því áður en Helga fæddist eða frá 1981. Helga er spurð hvornig henni hafi gengið að fjármagna kaupin, enda ekki á hverjum degi sem svo ung stúlka kaupir sér atvinnufyrirtæki. „Ég fékk að sjálfsgöðu fjárhagslega aðstoð og það var lítið mál. Ég er að minnsta kosti ekki á leiðinni í nein vandræði enn þá,“ segir hin unga afhafnakona sem tók við stofunni rétt fyrir jólatörninna og undirbýr sig fyrir aðra törn í kringum árshátíðirnar. Eftir það taka fermingarnar við, þannig að framundan er nóg af verkefnum.

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

Atvinnuleysi var að jafnaði um 3,1 prósent af áætluðum mannafla á vinnu- markaði á árinu 2004 samkvæmt samantekt Vinnu- málafstofnunar um skráð atvinnuleysi.



Að jafnaði voru 4.564 manns á atvinnuleysisrá á árinu sem leið. Atvinnuleysi karla var 2,6 prósent en kvenna 3,8 prósent. Atvinnuleysi karla hefur minnk- að töluvert frá árinu 2003 þegar það var þrjú prósent. At- vinnuleysi kvenna hefur einnig minnkað, þó ekki eins mikið, en árið 2003 voru 3,9 prósent kvenna atvinnulausar. Hægt er að nálgast skýrslu um atvinnu- ástand í desember 2004 á vef Vinnu- málafstofnunar, vinnu- málafstafnun.is.

Ísafjarðarbær greiddi síðasta mánuð út laun samkvæmt nýju starfsmati og er þar með eitt fyrsta stærri sveitarfélaga til að ganga frá uppgjöri launa á grundvelli hins nýja starfsmats. Innleiðing starfsmatsins er í um 100 sveitarfélögum og félagar í um 50 stéttarfélögum eiga þar hlut að máli. Alls námu launa- greiðslurnar 31 millj.kr. án



launatengdra gjalda sem greiddar voru til nærri 300 starfs- manna. Í kjarasam- ingum 2001 var samið um innleiðingu á nýju starfsmatskerfi sem gildir frá 1. desember 2002 og átti að geta leitt til 2-4% hækkunar launa. Launin hækka mjög misjafnt eftir einstökum störfum. Mörg störf hækka meira en 4%, önnur störf minna en 2% og enn önnur standa í stað eða lækka jafn- vel. Þó er tryggt samkvæmt kjarasamningum að enginn starfsmaður, sem nú er í starfi, lækkar í launum við innleiðingu starfsmatsins. Þetta kemur fram á vef Ísafjarðarbæjar.

Íðgjöld til Verzlunarmannafé- lags Reykjavíkur hækkuðu tölu- vert á milli ára og félagsmön- num á atvinnuleysisrá fækkað sem bendir til um betra árferði eins og kemur fram á heima- síðu félagsins, vr.is. Í desember á síðasta ári voru átján prósent færri félagar Verzlunarfélagsins skráðir atvinnulausir en í sama mánuði árið 2003. Einnig eru heildariðgjöld félagsins á árinu 2004 tólf prósent hærra en árið á undan, miðað við níu mán- aða uppgjör félagsins. Að stærstum hluta er þessi auk- ning tilkomin vegna launahækk- ana félagsmanna á árinu en þær skilðu áttá prósent hærra heildariðgjöldum en árið 2003.

atvinna@frettabladid.is

=j W|R]Zi 9 RW\Rc 2 a ò eV\

Üphr j beqfo ivcy^co í áfkdí ē pñÉár ivcp^i^ egč E^ck^o > mEqbhf) ē EÉck ē Elok^o«oáí+ Ivcp^if_ bo ē_ vodá ē c^diidr j obhpqf^mEqbhpfp Id ^á rkkfá pd^ beqfo iÉdr j) obdirrdoár j Id ábfj phivoár j pb j ivcpÉiribv« pbqr« Ivcp^if pdò bffkfd r j a^diid^k obhpqro ivcpÉir) pñ^oop j^kk^pñEqrk Id c^diidq beqfoifq j bá pñ^ocpb j fkkf pb j Id ^á pñ^ka^ phii ē Éiir j ábf j rmmiGpfkdr j Id phGopir j pb j Imfk_ bofo áfi^o hoby^pq+ 9C^WZi^c^Wc+EçphEj^moEç ē ivcy^co í áf %^ka+ Me^o j + j bá dfiq pñ^ocpbv« bo k^r ápvkibdq ^rh áofddj^ ço^ obvkipr ē ^mEqbhf+

E í dq bo ^á p í hq^ r j pñ^o«á ē sbcpbqf lhh^o t t t+ivcy^fp R j pEhkr j á^oc ^á phfi^ cvofó 2+ cb_ oG^o ?_ä_RzZf aa]üdz_XRc+ Pñ^ocpb j^kk^pñEqr pñ j f 20- 05- - qe l odboaro = ivcy^fp

C^otá sboáro j bá ^ii^o r j pEhkr Id cvofopmrokfo pb j qóGk^á^o j çí+



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Draumastarfið Ef þú hefur sérstakt starf í huga skaltu kanna hvað þú þarft að gera til að fá starfið. Hins vegar ef þú hefur allt sem til þarf í starfið nægir jafnvel að fara og spyrja hreinlega hvort starfið sé á lausu og láta vita af áhuga þínum, í stað þess að bíða heima eftir því að starfið verði auglýst.



Danir og Bretar harðir af sér

Ný könnun sýnir að Bretar mæta vel í vinnuna.

Verkalýðsfélag í Bretlandi lét gera könnun fyrir stuttu og kom þar í ljós að Bretar taka sér fæsta veikindafrídaga úr vinnu af öllum Evrópusambandsþjóðum að Dön-um undanskildum. Hins vegar kom í ljós að fimmtán prósent veikindadaga væru tekin þótt starfsmenn væru ekki veikir í raun.

Lítið var á tólf lönd í Evrópusambandinu við gerð könnunnar og kom fram að Bretar eru

Fyrirtæki þar sem flestir starfsmenn taka sér frí vegna veikinda sem vara í stuttan tíma:

1. Portúgal
2. Ítalía
3. Belgía
4. Þýskaland
5. Frakkland
6. Holland

meðal þeirra sem eru ólíklegastir til að taka sér frí vegna veikinda sem vara í stuttan tíma. Portúgalir eru hins vegar duglegastir í að taka sér veikindafrídaga. ■



Þjóðminjasafn Íslands vill ráða í starf Kynningarfulltrúa

Helstu verkefni kynningarfulltrúa eru kynningarmál, almannatengsl og útgáfumál. Starf kynningarfulltrúa felur í sér mótun á stefnu safnsins í kynningarmálum og almannatengslum og mótun, útfærslu og framkvæmd á kynningarherferð á starfsemi safnsins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar n.k.**

Ítarlegar upplýsingar um starfið og kröfur um menntun og reynslu er að finna í auglýsingu Þjóðminjasafnsins á vefsíðunni www.starfatorg.is.

Umsóknir með ferilskrá, afritum prófskrteina og meðmælum/upplýsingum um meðmælendur skulu berast til skrifstofu safnsins að Lyngási 7, 210 Garðabæ.



Við óskum eftir að ráða gott fólk í götukynningu

Tónleikarnir hófust með Sinfóníu nr. 6 eftir Joseph Haydn. Það er gott til þess að vita að Haydn skuli eiga upp á pallborðið um þessar mundir. Þessi tiltekna sinfónía er að vísu ekki meðal þeirra efnisríkustu, en hefur þó sitt léttu aðráttarafl, auk þess sem verk af þessu tagi, þar sem allt heyrir og allt sést, gera miklar kröfur um nákvæmni og er holl æfing fyrir hvaða hljómsveit sem er. Leiðarar hljómsveitarinnar fengu að spreya sig á einleiks-slaufum og stóðu sig allir vel en einkum þó konsertmeisterinn Sigrún Eðvaldsdóttir og Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og spiluðu þær báðar með tilþrifum. Að leik loknum bauð hljómsveitarstjóri einleikurum að standa upp til að taka á móti þökkum áheyrenda, öllum nema Áshildi, sem virtist af einhverjum ástæðum gleymast. Er henni því þakkað hér með.

Fiðlukonsert Sergejs Prokofiev er um margt glæsilegt verk á ytra borði en skortir dýpt þegar grannt er hlustað. Stefjaefni er í sjálfu sér gott en svör tónskáldsins við hinni erfiðu og sígildu spurningu, hvað svo?, eru í rauninni ekki nógu hugmyndarík. Þetta kom þó



AIKIKO SUWANAI
Tónn hennar er óvenjulega mikill og voldugur.

FINNUR TORFI STEFÁNSSON
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS/
HÁSKÓLABÍÓ

Einleikari: AIKIKO SUWANAI
Hljómsveitarstjóri: RUMON GAMBA

ekki í veg fyrir að hin unga japanska Akiko Suwanai léki verkið af mikilli list. Tónn hennar er óvenjulega mikill og voldugur. Sumpart er það Höfrungnum að þakka, Stradivari fiðlunni sem hún lék á, en auðvitað fyrst og fremst henni sjálfri. Leikur hennar var mjög nákvæmur og skýr og vel skiljanlegt hvers vegna hún sigraði í Tsjækovski keppninni ung að árum.

Síðast á efnisskránni var Sinfónía nr. 6 eftir Dimitrí Sjostakovítsj. Það er alkunna að fagur-tónlist blómstraði í Sovétríkjun-

um gömlu. Það er einnig staðreynd og umhugsunarefni fyrir lýðræðissinna að hrun Sovétríkjanna var mikið áfall fyrir fagra tónlist á Vesturlöndum. Það var sem þá hefði brostið síðasta viðspyrnan við plebbagangi markaðarins, sem síðan hefur flætt yfir allt. Sjostakovítsj er afar merktlegt tónskáld fyrir margra hluta sakir. Einn dularfyllsti eiginleiki margra verka hans er hve sterklega þau gefa til kynna hlutlægan samfélagslegan boðskap enda þótt ekkert á ytra borði þeirra beri slík merki. Þessar spurningar vakna strax þegar hlustað er á sjöttu sinfóníuna. Hvað er maðurinn að segja? Er þetta harmur yfir hlutskipti rússnesku þjóðarinnar eða er þetta háð og skens? Hann skyldi þó ekki vera að gera grín að Stalín? Það er réttur hvers hlustanda að gefa sín svör eftir sínum aðstæðum. Þess vegna á svona tónlist erindi til allra manna. Þótt verkið sé ekki kaflaskipt með hefðbundnum hætti er það sinfónískt eftir skilgreiningu Mahlers. Það fer víða og segir jafnframt heila sögu. Byggingin er heildstæð frá upphafi til enda, þráðurinn sem Leopold Mozart talaði um slitnar aldrei, röksemdafærslan er fullkomin í lokin.

Vel tókst að koma þessu öllu til skila á tónleikum. Stjórnandinn Rumon Gamba þekkti verkið greinilega vel, vissi hvert hann vildi stefna og hreif hljómsveitina með sér og áheyrendur einnig. Þetta voru góðir tónleikar. ■



**VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS**


Hverfur allt í svartholum?

Hverfur allt sem fer inn í svarthol eða kemur eitthvað út úr þeim aftur?

Samkvæmt sígildri eðlisfræði hverfur allt sem fer inn í svarthol sjónum þess sem situr fyrir utan. En ef skammtafræði er tekin með í reikninginn kemur í ljós að svarthol senda frá sér geislun.

Svarthol og afstæðiskenning Einsteins:

Svarthol eru dularfull og spennandi fyrirbæri sem komu fyrst fram sem mögulegar lausnir á jöfnum almennu afstæðiskenningar Einsteins en hafa síðan fundist í náttúrunni. Samkvæmt skilgreiningu eru þau svæði í tímarúminu þar sem þyngdaraflíð er svo sterkt að ekkert getur sloppið þaðan, ekki einu sinni ljósgeslar. Á Vísindavefnum er til þó nokkuð efni um svarthol, til dæmis svar við spurningunni „Hvað er svarthol?“ og bendum við lesendum á að kynna sér það nánar á vefnum.



SVARTHOL Teikning listamanns á svartholi og efni umhverfis það.

hlutar af Celsíus-gráðu yfir alkuli, en alkul er -273,15 °C. Þetta er svo lágt hitastig að nánast er útilokað að nokkurn tíma verði hægt að mæla Hawking-geislun frá slíkum svartholum.

Líftími svarthola

Ef ekkert nýtt efni fellur inn í svarthol minnka þau með tímanum vegna útgeislunarinnar og gufa að lokum alveg upp. Eftir því sem massinn minnkar eykst hitastigið og útgeislunin þar með. Það tekur venjulegt svarthol þó afar langan tíma að gufa upp því áætlað er að líftími svarthols sem hefur sama massa og sólin sé 1071 sekúndur eða um það bil 1053 sinnum lengri en aldur alheimsins.

Upplýsingagáta Hawkings

Þar sem svarthol senda frá sér geislun gæti mönnum dottið í hug að fræðilega væri unnt að lesa úr geisluninni upplýsingar um þá hluti sem hafa fallið inn í svartholið. Þannig væri hægt að endurheimta það sem áður var talið týnt og tröllum gefið. Slíkar heimtur brjóta hins vegar í bága við reglur skammtafræðinnar um tímaþróun. Það er vegna þess að varmageislun frá svartholi er alltaf blandað skammtaástand, en ef efni í hreinu ástandi hafði fallið inn ætti samkvæmt tímaþróun í skammtafræði að koma hreint ástand út aftur. Þessi „þversögn“ kallast upplýsingagáta Hawkings og er mikilvægt vandamál í nútímaeðlisfræði sem ekki er hægt að fjalla ítarlega um í þessu svari. Áhugasömum lesendum er bent á nýlega grein eftir Lárus Thorlacius sem kallast „Svarthol og skammtafræði“ og birtist í Timariti um raunvísindi og stærðfræði. Greinin er aðgengileg á slóðinni: <http://www.raust.is/2004/2/14/>

Kristján Rúnar Kristjánsson,
doktorsnemi í eðlisfræði við HÍ.

Á Vísindavef Háskóla Íslands er að finna svör við mörgum spurningum um svarthol, skammtafræði og annað efni tengt því, meðal annars: Hvernig myndast svarthol, verða ruslatunnur í framtíðinni lítil svarthol, hvað er skammtafræði og hvað gerist ef efni fellur inn í sérstæðuna? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð í leitarvél vefsins á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

10 miðaeigendur fá milljón á þriðjudag

„Áttu miða?“

Á næsta þriðjudag verða 10 miðaeigendur dregnir út sem fá eina milljón króna hver og aðeins verður dregið úr seldum miðum.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



ÞRIÐJI HLUTI

LÍFIÐ Á KÁRAHNJÚKUM



MIGUEL CORDEIRO Hann á konu og barn heima í Portúgal og finnst því gott að á Kárahnjúkum sé enginn staður til að eyða laununum á.

Grunnskólinn á Kárahnjúkum:

Skiptast á heimsóknnum við aðra skóla

KÁRAHNJÚKAR Samstarf er á milli grunnskólans á Kárahnjúkum og íslensks grunnskóla á Egilsstöðum. Skólarinn skiptast á heimsóknnum og er jafnvel fyrirhugað að vinna saman að verkefnum. Í grunnskólanum á Kárahnjúkum eru nýu börn á aldrinum 6-12 ára, sem öll nema eitt hafa verið hér á landi frá því í haust.

Börnin fá einstaklingsbundna kennslu samkvæmt ítalska skólakerfinu, í ítölsku, ensku, sagnfræði, jarðfræði, stærðfræði og vísindum, tónlist, listum, íþróttum og kaþólskri trú. Í skólanum

geta börnin verið fram til 13 ára aldurs en þurfa þá að fara annað.

Börnin hafa flest búið víða um heim en kunna vel við sig á Kárahnjúkum, að sögn Francescu Francesconi, skólastýru og kennara, og hafa aðlagast vel. Þeim líkar vel að geta verið úti í snjónum og njóta þess að stunda íþróttir þar, ganga og gera æfingar, renna sér á sleða og leika sér.

Kárahnjúkaskóli fór í skólaferðalag að Mývatni og Dettifossi í fyrra og í vor er fyrirhugað að heimsækja bóndabæ.

- ghs



Í YNGRI DEILDINN Francesca Francesconi, skólastýra á Kárahnjúkum, aðstoðar Tausi Amonini, 10 ára, frá Afríku. Hin eru Leonardo Camosso, Francesca de Paris, Giulia Vittor og Sheilla Amonini. Þau eru á aldrinum 6-8 ára.



Í ELÐRI DEILDINN Damiano Frontini ásamt nöfnunum Valentinu de Paris og Valentinu Panetta. Þær eru báðar 10 ára.

Hefur heimþrá

Portúgalinn Miguel Cordeiro er á öðrum samningi sínum á Kárahnjúkum. Hann var á hálendinu í tvo mánuði í haust og nú er hann búinn að vera í tvo mánuði til viðbótar. Samningurinn hans rennur út í júlí og þá segist hann ætla heim og ekki koma aftur því hann hafi heimþrá.

Cordeiro situr með félögum sínum í mótuneytinu á Kárahnjúkum og borðar kjötsúpu af bestu lyst í kuldagallanum sínum með húfu á höfði eins og tíðkast þarna. Hann er kátur og léttur í lundu og samþykkir viðtalið glaðlega eftir að borðfélagi hans hefur hafnað því kurteislega.

Cordeiro segist vera kominn í ævintýraleit til Íslands, þetta sé ný reynsla fyrir sig og hann hafi ákveðið að slá til eftir að hafa hlustað á vin sinn sem hafi starfað hér.

Atvinnuástandið í Portúgal sé ekki nógu gott. Cordeiro er þó ekki atvinnulaus því hann hefur starfað í Volkswagen-verksmiðju nærri Lissabon í tíu ár. Í dag vinnur hann í táveggnum og segir ekkert vanda-



Í MÖTUNEYTINGU Starfsmennirnir koma inn um tólfleytið til að fá sér að borða og byrja svo aftur að vinna um eitt. Þeir sitja í kuldagöllunum með húfurnar á höfðinu meðan þeir skófla matnum í sig.

mál að vinna úti í kuldanum því að verkamennirnir geti hlýjað sér ef það er of kalt í veðri.

Cordeiro er nokkuð ánægður með aðstæður á Kárahnjúkum og segist fá miklu hærri laun en heima. Verkamennirnir hafi hér mat og sérherbergi og fái fötin sín hreinsuð reglulega. Það sé ekki heldur neinn staður til að eyða peningunum á svo að fjölskyldan í Portúgal fái þá nánast alla. Cordeiro er kvæntur og á eina dóttur sem er komin í grunnskóla.

Cordeiro hefur heimþrá og því segist hann ætla að hætta á Kárahnjúkum þegar samningurinn er útrunninn. Sumrinu ætlar hann að eyða í notalegheitum með fjölskyldunni heima.

- ghs

Félagsmiðstöðin:

Portúgalarnir duglegastir að koma



SÓLEY ARNARDÓTTIR Sóley stýrir klúbbhúsinu á Kárahnjúkum og sést hún hér með nokkrum viðskiptavinum í hádeginu. Þeir koma gjarnan þangað og fá sér kaffi.

KÁRAHNJÚKAR Félagsmiðstöð er rekin á Kárahnjúkum með biósýningum og fjöri á laugardögum, pitsu, diskóteki, karaóki og annarri dagskrá. Félagsmiðstöðin er vel sótt að sögn Sóleyjar Arnardóttur klúbbstjóra, sérstaklega af Portúgölunum, enda er reynt að hafa fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

Í félagsmiðstöðinni eru þrjú sjónvörp og nota Kínverjarnir eitt, Portúgalarnir eitt og Ítalirnir eitt. Fótþoltaleikir eru sýndir og svo er hægt að tefla eða spila og fá lánaðar bækur.

Félagsmiðstöðin er einnig opin í hádeginu og er þá hægt að fá sér kaffi. ■

LAGERÚTSALA LUMEX


RÝMUM FYRIR NÝJUM LJÓSUM

LAGERÚTSALAN FER FRAM Á LAGER OKKAR AFTAN VIÐ LUMEX BÚÐINA SKIPHOLTI 37, GENGID INN FRÁ BOLHOLTI

OPIÐ: FÖSTUDAG 12-20 / LAUGARDAG 10-18 / SUNNDAG 13-18 / MÁNUDAG 12-20

LUMEX

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÆKNARNIR Á KÁRAHNJÚKUM Þorsteinn Njálsson sinnir yfirstjórn á heilsugæslustöðinni og næstur honum kemur rússneski læknirinn Vladimir Stanovko, sem hefur starfað lengi hjá Impregilo.

Líka í móðurhlutverki

Læknisheimsóknir á Kárahnjúkum voru 7.000 talsins í fyrra og er þá allt talið í þessu 1.600-1.700 manna þorpi.

Vladimir Stanovko, rússneski læknirinn á Kárahnjúkum, segir að heimsóknirnar hafi verið svona margar vegna aðstæðna á staðnum, kulda og myrkurs, og á máli hans má skilja að verkamenn hafi ekki bara leitað sér læknis vegna slysa og sjúkdóma heldur hafi erlendu verkamennirnir komið „til að gráta“, eins og hann segir glettnislega.

Starfsfólk heilbrigðisstöðvarinnar hefur því verið í nokkurs konar móðurhlutverki auk lækningar- og hjúkrunarhlutverksins, hlustað á menn frá Suður-Evrópu og veitt þeim stuðning og uppörvun. Þetta telur Vladimir að hafi þó lagast mikið upp á síðkastið enda hafi fólk verið ráðið í samræmi við aðstæður.



Í LÆKNISSKOÐUN Vladimir Stanovko skoðar portúgalska verkamanninn Carlos Rolo. Sá síðarnefndi hefur verið á Kárahnjúkum frá upphafi og var að veikjast í fyrsta skipti í tvö ár enda sagðist Stanovko ekki hafa séð hann áður. Hann var með flensulík einkenni.

Heilsugæsluliðið á Kárahnjúkum skoðar alla starfsmenn sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og segja læknarnir að starfsmennirnir séu yfirleitt við góða heilsu. Athugasemdir hafi aðeins verið gerðar tvisvar, einu sinni hafi fundist fæðingargalli hjá manni og einu sinni hafi fundist berklar. Allir geti starfað á Kárahnjúkum nema hjartasjúklingar, lungnasjúklingar og menn með liðasjúkdóma.

„Ég átti von á þunglyndi, kvíða og þess háttar einkennum hjá mönnum,“ segir Þorsteinn, „en það fólk fer fljótt. Menningarnir reykja bara of mikið.“

Heilsugæslustöðin á Kárahnjúkum hefur sólarhringsvakt og þangað koma menn í læknisskoðun, fá lyf og geta fengið fyrstu hjálp ef þörf krefur. Á nóttunni eru menn kallaðir út eftir þörfum. Ef lyfin eru ekki til á staðnum er sendur lyfseðill til Egilsstaða og þaðan fæst lyfið samdægurs.

Sautján menn starfa nú á heilsugæslustöðinni. Þorsteinn Njálsson læknir er fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Austurlands og hann sinnir yfirstjórn. Næstur honum er rússneskur læknir, Vladimir Stanovko. Til viðbótar eru svo hjúkrunarfræðingar, bæði íslenskir og erlendir, og sjúkraflutningamenn.

Bílaflotinn er ekki af lakara taginu og sjúkrabílnir geta tekist á við erfiðustu aðstæður í veðri og færð á hálendinu. ghs@frettabladid.is



Í MÓTTÖKUNNI Kristján G. Björnsson, sjúkraflutningamaður og hjúkrunarfræðingarnir í móttökunni, Magnolia A. Creencia og Maria Kathleen O. Malong frá Filippseyjum.

Vélaverkstæðið er snyrtilegt

Jamal Shah frá Pakistan stýrir einu snyrtilegasta vélaverkstæði landsins. Verkstæðið er á Kárahnjúkum en þar er allt á sínum stað, raðað í fallegar heimasmíðaðar hillur eða hengt á nagla og hvergi skít að sjá.

KÁRAHNJÚKAR Vélaverkstæðið á Kárahnjúkum er einstaklega snyrtilegt, svo mjög að eftir er tekið. Hvergi er ólíubletti að sjá, hvað þá rusl eða skít á gólfum eða veggjum. Allur frágangur er til fyrirmyndar, verkfærum er raðað í röð og reglu í fallegar heimasmíðaðar hillur eða þau hengd upp á nagla á veggjum.

Jamal Shah frá Pakistan er yfirmaður Vélaverkstæðisins en hann hefur starfað hjá Impregilo síðustu 20 árin. Hann er pakistanskur að uppruna, ættaður frá borg um 100 kílómetra frá Islamabad og þar býr fjölskylda hans nú.

Jamal Shah hefur farið að heiman og starfað nokkrum sinnum erlendis, ekki bara hjá Impregilo heldur líka hjá öðrum fyrirtækjum. Hann hefur próf úr tækniskóla og fékk vinnu hjá Impregilo strax að námi loknu.

Jamal hefur starfað á Íslandi í eitt ár. Hann er ánægður í starfinu og kann vel við fyrirtækið.

„Þetta er gott fyrirtæki. Það sér manni fyrir öllu. Við treystum fyrirtækinu og það treystir okkur,“ segir hann.



JAMAL SHAH FRÁ PAKISTAN Hann stýrir vélaverkstæði Impregilo á Kárahnjúkum sem kannski er snyrtilegasta og fallegasta vélaverkstæði á landinu því þar er allt vel skipulagt og hvergi öllu eða skít að sjá.

Jamal Shah á fimm börn og segist tala á hverjum degi við fjölskyldu sína í síma. Hann fái líka að fara heim þegar hann vilji en það sé langt flug og taki tvo daga, fyrst að fljúga til London og svo

taki flugið frá London til Islamabad ný klukkutíma.

Heima í Pakistan segir hann að sé gott atvinnuástand en launin fyrir starf sitt hé r sendi hann fjölskyldunni heima. - ghs

Maturinn á Kárahnjúkum:

Er hann ætur eða óætur?

Lesandi hringdi á föstudag og óskaði eftir leiðréttingu á umfjöllun Fréttablaðsins um matinn á Kárahnjúkum. Hann sagði að magnið væri rétt, 800 grömm á mann, en maturinn óætur. Sami rétturinn væri á borðum alla

daga. Ef svínakjöt væri súrt væri eitthvað að. Máltíðir enduðu venjulega á því að matnum væri hent og menn fengu sér ristað brauð. Þetta gildi um fólk af öllum þjóðernum.

Í blaðinu á föstudag var talað

um að matarkostnaðurinn á Kárahnjúkum væri 30-35 prósentum undir verðinu í öðrum Evrópulöndum. Þetta er ekki rétt. Hann er hærri en annars staðar í Evrópu sem þessu nemur. - ghs

Opið í dag sunnudag



Útsala 50%

	Áður	Nú
Ullarkápur	29.900	15.000
Mokkakápur	25.900	13.500
Ullarjakkar	9.900	4.900
Úlpur	12.900	5.900
Úlpakápur	22.900	11.500
Dúnúlpur	12.900	6.500

Mörg góð tilboð

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag sunnudag 12-16

10



Á næsta þriðjudag verða 10 miðaeigendur dregnir út sem fá eina milljón króna hver og aðeins verður dregið úr seldum miðum.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.



**HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

miðaeigendur fá milljón á þriðjudag

Átt þú ungling sem þarf ...

- ... að vera einbeittari í námi?
- ... að geta staðið sig vel í vinnu?
- ... að vera jákvæðari?
- ... að eiga auðveldara með að eignast vini?
- ... að vera sáttari við sjálfan sig?

Kíktu á www.naestakynslod.is og sjáðu hvað þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

Kynningarfundir:

Mánudag 24. jan. (14-17 ára, æskilegt að foreldrar mæti með)
kl.20.00 í Þróttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)

Fimmtudag 27. jan. (18-22 ára)

kl.18.30 í Þróttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)

Dale Carnegie þjálfun fyrir unglunga

Næsta kynslóð er þjálfun sem er ætluð öllum unglingum sem hafa áhuga á að ná langt í lífinu.

Fjóla Dögg Blomsterberg 17 ára

Það er marga ómetanlegt sem ég hef fengið út úr námskeiðinu. Getu til að koma fram og tala, meira sjálfstraust og tækni til að komast áfram í lífinu. Ég setti mér til dæmis markmið í skólanum og hækkaði einkunnirnar mínar. Svona námskeið ættu allir að fara á, sem hafa áhuga á að lifa góðu lífi.

www.naestakynslod.is

Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 eða 661 0998 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð.



Við hrósum...

...Erni Andrésyni, formanni Afrekssjóðs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, og félögum hans í sjóðnum fyrir að taka styrkina af sundmanninum Erni Arnarsyni og frjálsíþróttakonunni Völu Flosadóttur. Bæði Örn og Vala hafa verið á hæstu styrkjum undanfarin fjögur ár án þess að sýna mikið og hefur Afrekssjóður lofað að fylgjast betur með íþróttamönnum og meta á hverju ári.



Við minnum á...

... að heimsmeistaramótið í handbolta hefst í Túnis í dag. Island spilar gegn Tékklandi í dag og er leikurinn í beinni útsendingu, bæði hjá Ríkissjónvarpinu og Ríkisútvarpinu.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR? JANÚAR

20 21 22 23 24 25 26

Sunnudagur

LEIKIR

- 13.15 KS og Þór mætast í Boganum í Powerade-móttinu í fótbolta.
15.15 Hvöt og Tindastóll mætast í Boganum í Powerade-móttinu í fótbolta.
17.00 Haukar og Keflavík mætast á Ásvöllum í undanúrslitum Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í körfubolta kvenna.
19.00 FH og Leiknir mætast í Egilshöll á Reykjavíkurmóti karla í fótbolta.
19.15 Breiðablik og Njarðvík mætast í Smáranum í undanúrslitum Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í körfubolta karla.
19.30 Haukar og Gróttu/KR mætast á Ásvöllum í DHL-deild kvenna í handbolta.
21.00 Þróttur og Víkingur mætast í Egilshöll í Reykjavíkurmóti karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 13.50 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Juventus og Brescia í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
15.00 Heimsmeistaramótið í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik Íslands og Tékklands á heimsmeistaramóttinu í handbolta.
16.00 Enska boltinn á Skjá einum. Bein útsending frá leik Arsenal og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
17.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Villarreal og Valencia í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
20.00 Amerískí fótboldinn á Sýn. Bein útsending frá leik Philadelphia Eagles og Atlanta Falcons í NFL-deildinni.
22.10 Helgarsportíð á RÚV.
23.30 Amerískí fótboldinn á Sýn. Bein útsending frá leik New England Patriots og Pittsburgh Steelers í NFL-deildinni.

Purfum að klípa aðeins í þá og þeirra þá

Sigurður Bjarnason telur fyrstu tvo leikina á HM í Túnis algera lykilleiki og hefur góð ráð handa strákunum í landsliðinu.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handknattleik spilar sinn fyrsta leik á HM í Túnis á morgun. Fréttablaðið fékk Sigurð Bjarnason fyrstum landsliðsmann til að rýna í leikina framundan og spurði hann hvernig honum litist á landsliðið í dag.

Sigurður segist jákvæður á möguleika landsliðsins og list mjög vel á keppnina sem hefst um helgina. „Það hefur yfirleitt verið þannig að þegar nýr þjálfari tekur við liðinu, kemur hann með ferska vinda inn í þetta og við skulum vona að sagan endurtaki sig í þetta skiptið. Það er ekki síst þess vegna sem ég er bjartsýnn á gengi liðsins núna því Viggó getur byrjað með hreint borð og getur bara valið þá menn sem eru að spila best í dag. Hann þarf ekki að vera að velta því fyrir sér hver var að spila vel á síðasta móti og hver ekki. Núna þurfa allir leikmennirnir í hópnum að spila fyrir sæti sínu og eru í samkeppni hjá nýjum þjálfara. Liðið er ungt og það veltur dálítið á Viggó að ná að mótværa ungu leikmennina svo þeir öðlist nauðsynlegt sjálfs-traust. Ég treysti Viggó fyllilega til þess að ná að gera það. Þess vegna er ég bjartsýnn á þetta og þó ég ætli ekki endilega að segja að liðið fari í úrslit, gæti ég alveg trúað að þeir fari í krossspil. Ég set markið bara nokkuð hátt eins og liðið sjálf“, sagði Sigurður. Hann segir það ráða miklu um gengi liðsins hvernig fyrstu tveir leikirnir fara, en þeir eru gegn Tékkum á morgun og Slóvenum á þriðjudag. „Strákarnir vita það alveg sjálfir að þetta eru algjörir lykilleikir og krefjast 100% baráttu. Þeir vita að þeir verða að



SIGURÐUR BJARNASON Segir að nýr þjálfari hafi yfirleitt komið með ferska strauka inn í íslenska liðið og er bjartsýnn á gott gengi íslenska landsliðsins á heimsmeistaramóttinu í Túnis.

eiga góðan leik til að vinna þessi lið, sem hafa gengið í gegnum einhverjar breytingar eins og við. Þetta verða skemmtilegir leikir og öll þessi lið gætu náð langt. Ég hef alltaf sagt að við eigum að vinna þessar „júggapjóðir“ og við vitum alveg hvað þarf til þess. Þetta eru svona pirraðir einstakl-

ingar sem þarf að halda pirruðum ef við eigum að vinna þá – klípa aðeins í þá og ögra þeim í maður á mann einvígi til að trufla einbeitingu þeirra. Það skemmir fyrir liðsheildinni hjá þeim og er raunar veikleiki þessara liða“, sagði Sigurður glaðbeittur.

baldur@frettabladid.is



BRISTOL VERÐUR SAKNAÐ Reshea Bristol var efst í deildinni í þriggja stiga nýtingu (44%), stoðsendingum (7,8) og stolnum boltum (6,8) þegar hún þurfti að yfirgefa Keflavík.

Keflavík styrkir sig:

Ný Rose í hnappagat Keflavíkur

KÖRFUBOLTI Kvinnalið Keflavíkur í körfuboltanum, sem hefur unnið alla 18 leiki tímabilsins með meira en tíu stigum, hefur fyllt skarðið sem Reshea Bristol skildi eftir hér á dögnum. Bristol varð að snúa heim til Bandaríkjanna vegna persónulegra ástæðna eftir að hafa verið með 21,5 stig, 8,4 fráköst, 7,8 stoðsendingar og 6,8 stolna bolta að meðaltali í deildinni í vetur og því var ljóst að það yrði ekki auðvelt að feta í fótspor hennar.

Hinn nýi bandaríski leikmaður Keflavíkurliðsins er LaToya Rose, sem er 24 ára gömul og útskrifaðist frá Texas A&M-háskólanum vorið 2002. Rose, sem er 168 sentimetrar á hæð, var með 10,8 stig og 2 stoðsendingar að meðaltali á lokaári sínu í skólanum en hún þykir sterk skytta og góður liðsmaður. ■

Aftekssjóður úthlutaði í gær styrkjum til íþróttamanna fyrir árið 2005:

Vala og Örn fá ekki lengur A-styrk

AFREKSSJÓÐUR

Aftekssjóður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands tilkynnti í gær styrkveitingar sínar fyrir árið 2005. Alls nema þær um 47 milljónum króna til einstaklinga og sersambanda en Örn Andrésinn, formaður sjóðsins, sagði á blaðamannafundi í gær að sjóðurinn ætti á bilinu fimmtán til sextán milljónir sem hann myndi hugsanlega deila út á árinu ef tilefni gæfist til.

Athygli vekur að aðeins tveir íþróttamenn, frjálsíþróttakonan Þórey Edda Elísóttir og fimleikamaðurinn Rúnar Alexandersson, fá A-styrk en þau tvö báru af öðrum þátttakendum á Ólympíuleikunum í Aþenu.

Fjórir íþróttamenn, Vala Flosadóttir, Örn Arnarson, Jón Arnar Magnússon og júdókappinn Bjarni Skúlason, sem voru á A-styrk á síðasta ári, fá ekki styrk þetta árið. Reyndar var ekki sótt um styrk fyrir Bjarna og Jón Arnar en Vala og Örn þurfa að sýna meira en þau hafa gert að undanförunu til að hljóta náð fyrir augum sjóðsins.

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, sagði að með þessu væri verið að koma til móts við þá gagnrýni sem hefði verið uppi á borðinu að undanförunu um að erfiðara væri að detta út af styrkjalistanum en að komast á hann og því yrði breytt.

„Við munum verða með stífara eftirlit með hverjum þeim sem



Á TOPPNUM Vala Flosadóttir sést hér svífa yfir rána á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. Nú hlýtur hún ekki náð fyrir augum Afrekssjóðs.

fær styrki hjá okkur“, sagði Stefán en því hefur víða verið haldið á lofti að styrkjum þeim sem sundkappinn Örn Arnarson og frjálsíþróttakonan Vala Flosadóttir hafa verið á undanfarin þrjú ár án þess að sýna nokkuð hafi verið illa varið. Örn og Vala

hafa hvort um sig fengið rúmar tíu milljónir frá Afrekssjóði undanfarin fimm ár en gerður var fjögurra ára samningur við þau eftir frækna frammistöðu þeirra á Ólympíuleikunum í Sydney fyrir rúmum fjórum árum.

- ósk

Þú getur fengið bíl frá Budget Car Rental með 3.900 kr. í dag og 6.900 kr. í dag.

Þú getur fengið bíl frá Budget Car Rental með 3.900 kr. í dag og 6.900 kr. í dag.



Hjálkingar og bílveitingar frá Budget Car Rental.



Þú getur fengið bíl frá Budget Car Rental með 3.900 kr. í dag og 6.900 kr. í dag.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

LIVERPOOL-SOUTHAMPTON	2-0
1-0 David Prutton (5.), 2-0 Peter Crouch (22.).	
BIRMINGHAM-FULHAM	1-2
1-0 Moritz Volz, sjálfsm. (51.), 1-1 Andy Cole, viti (78.), 1-2 Papa Bouba Diop (83.).	
CHELSEA-PORTSMOUTH	3-0
1-0 Didier Drogba (15.), 2-0 Arjen Robben (21.), 3-0 Didier Drogba (39.).	
CRYSTAL PALACE-TOTTENHAM	3-0
1-0 Mikele Leigertwood (66.), 2-0 Danny Granville (70.), 3-0 Andy Johnson, viti (77.).	
EVERTON-CHARLTON	0-1
0-1 Matt Holland (45.).	
MAN. UTD.-ASTON VILLA	3-1
1-0 Cristiano Ronaldo (8.), 1-1 Gareth Barry (53.), 2-1 Louis Saha (69.), 3-1 Paul Scholes (70.).	
NORWICH-MIDDLESBROUGH	4-4
1-0 Damien Francis (18.), 1-1 Jimmy Floyd Hasselbaink (34.), 1-2 Franck Queudrue (49.), 1-3 Franck Queudrue (55.), 1-4 Jimmy Floyd Hasselbaink (78.), 2-4 Dean Ashton (80.), 3-4 Leon McKenzie (90.), 4-4 Adam Drury (90.).	
WEST BROM-MAN. CITY	x-x
1-0 Kevin Campbell (5.), 2-0 Ronnie Wallwork (81.).	

STADAN

CHELSEA	24	19	4	1	48-8	61
MAN. UTD	24	14	8	2	37-14	50
ARSENAL	23	14	6	3	52-25	48
EVERTON	24	13	5	6	28-25	44
LIVERPOOL	24	11	4	9	36-25	37
MIDDLESB.	24	10	7	7	39-33	37
CHARLTON	24	11	4	9	28-33	37
TOTTENH.	24	9	6	9	29-26	33
MAN. CITY	24	8	7	9	30-26	31
A. VILLA	24	8	7	9	27-29	31
BOLTON	23	8	6	9	30-31	30
NEWCASTLE	23	7	8	8	35-40	29
FULHAM	24	8	4	12	31-40	28
PORTSM.	24	7	6	12	26-34	27
BIRMINGH.	24	6	8	10	27-30	26
BLACKBURN	23	5	10	8	21-33	25
C. PALACE	24	5	6	13	27-37	21
SOUTH.	24	3	9	12	25-39	18
NORWICH	24	2	11	11	23-46	17
WBA	24	2	10	12	19-44	16

Enska 1. deildin

BRIGHTON-N. FOREST	0-0
CARDIFF-BURNLEY	2-0
COVENTRY-QPR	1-2
CREWE-ROTHERHAM	1-1
LEICESTER-GILLINGHAM	2-0
Jóhannes Karl Guðjónsson spilaði allan leikinn fyrir Leicester.	
MILLWALL-WOLVES	1-2
PLYMOUTH-PRESTON	0-2
Bjarni Guðjónsson spilaði allan leikinn fyrir Plymouth.	
READING-IPSWICH	1-1
Ivar Ingimarsson spilaði allan leikinn fyrir Reading.	
STOKE-LEEDS	0-1
Gylfi Einarsson sat allan tímann á varamannabekknunum hjá Leeds.	
SUNDERLAND-SHEFF. UTD	1-0
WIGAN-WATFORD	2-2
Heiðar Helguson var hvíldur í liði Watford en Brynjar Björn Gunnarsson var veikur og kom inn á sem varamaður á 71. mínútu.	

DHL-deild kvenna

FH-VALUR	26-24
Mörk FH: Sigrún Gílsdóttir 6, Dröfn Sæmundsdóttir 5, Sigurlaug Jónsdóttir 5, Gunnur Sveinsdóttir 5, Guðrún Hólmgeirsdóttir 3, Bjarný Þorvarðardóttir 2.	
Mörk Vals: Ágústa Björnsdóttir 6, Arna Grímsdóttir 4, Diana Guðjónsdóttir 4, Lilja Valdimarsdóttir 3, Katrín Andrésdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2, Lilja Hauksdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1, Anna María Guðmundsdóttir 1.	
STJARNAN-VÍKINGUR	22-21
Mörk Stjörnumnar: Kristín Guðmundsdóttir 7, Anna Blöndal 5, Elsbjeta Kowal 3, Kristín Clausen 2, Hind Hannesdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Hekla Daðadóttir 1.	
Mörk Víkings: Natasa Damiljanovic 9, Helga Birna Brynjólfsdóttir 7, Ásta Björk Agnararsdóttir 3, Eygló Jónsdóttir 1, Andrea Olsen 1.	

STADAN

HAUKAR	12	12	0	0	370-276	24
ÍBV	13	10	0	3	389-339	20
STJARNAN	13	8	1	4	344-313	17
VALUR	13	7	0	6	320-316	14
FH	14	5	2	7	374-406	12
VÍKINGUR	14	4	0	10	339-370	8
FRAM	13	2	1	10	286-352	5
GRÓTTA/KR	12	2	0	10	264-314	4

Bikarkeppni kvenna í körfu

LAUGDÆLIR-GRINDAVÍK	23-82
Stig Laugdæla: Fríða Kristinsdóttir 8, Ragnheiður Magnúsdóttir 8.	
Stig Grindavíkur: Myriah Spencer 20, Svandís Sigurðardóttir 10, Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Jovana Stefánsdóttir 8, María Anna Guðmundsdóttir 7, Erla Reynisdóttir 6, Erla Þorsteinsdóttir 4.	

Bikarkeppni karla í körfu

HAMAR/SELFOS-FJÖLNIR	100-110
Stig Hamars/Selfoss: Damon Bailey 32, Marvín Valdimarsson 28, Chris Woods 28, Friðrik Hreinsón 10, Svavar Pálsson 6, Atli Gunnarsson 2.	
Stig Fjölnis: Jeb Ivey 32, Darrell Flake 30, Nemanja Sovic 30, Magnús Pálsson 11, Pálmar Ragnarsson 4, Brynjar Kristófersson 3.	

Yfirburðir Chelsea virðast engan endi ætla að taka:

Með 40 mörk í plús

FÓTBOLTI Chelsea náði í gær ellefu stiga forystu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar þegar liðið bar sigurorð af Portsmouth, 3-0, á Stamford Bridge. Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður í síðari hálfleik en Didier Drogba, sem var í byrjunarliðinu í hans stað, skoraði tvö mörk fyrir Chelsea í fyrri hálfleik. Leikmenn Chelsea gerðu út um leikinn í fyrri hálfleik og skoruðu þá öll þrjú mörk sín. Liðið hefur nú unnið sjö leiki í röð í deildinni og markatala liðsins er sérlega glæsileg. Liðið hefur skorað 48 mörk og aðeins fengið á sig 8 og er með 40 mörk í plús.

Martröð Liverpool hélt áfram

en eftir tap gegn Burnley í bikarnum í vikunni héldu stuðningsmenn liðsins flestir að hlutirnir gætu ekki versnað. Það var þó rangt hjá þeim því að Harry Redknapp stýrði lærisveinum sínum í Southampton til sigurs gegn Liverpool á St. Mary's í gær. Leikmenn Liverpool sáu aldrei til sólar og Southampton vann sinn fyrsta leik frá því um miðjan nóvember.

Leikmenn Norwich náðu ævintýrlegu stigi gegn Middlesbrough á heimavelli. Middlesbrough hafði þriggja marka forystu, 4-1, þegar tíu mínútur voru til leiksloka en þrjú mörk, þar af tvö eftir að venjulegur leiktími



DROGBA FAGNAR Framherjinn Didier Drogba fagnar hér fyrra marki sínu gegn Portsmouth í gær ásamt Damien Duff og Arjen Robben.

var liðinn, tryggði Norwich dýr-mætt stig í botnbaráttunni.

Crystal Palace vann óvæntan stórsigur á grönnum sínum í

Tottenham og skoraði Andy Johnson sitt fjórtánda mark á leiktíðinni fyrir Crystal Palace.

- ósk

BIKARKEPPNI KKÍ & LÝSINGAR

4 - liða úrslit í Lýsingarbikarnum fara fram um helgina

Meistaraflokkur karla

Lau. 22. jan 2005	Hveragerði	kl. 16:15	Hamar/Selfoss - Fjölirnir
Sun. 23. jan 2005	Smárinn	kl. 19:15	Breiðablik - UMFN

Meistaraflokkur kvenna

Lau. 22. jan 2005	Laugarvatn	kl. 14:00	Laugdalir - UMFG
Sun. 23. jan 2005	Ásvellir	kl. 17:00	Haukar - Keflavík



Mætum öll og sjáum hágæða körfubolta.

LÝSING

Í takt við þínar þarfir

Lýsing hf. er stolt af stuðningi sínum við bikarkeppnina í körfuknattleik

www.lysing.is





HM Í HANDBOLTA

2 0 0 5

TÚNIS

SKRIFAR UM
HM Í
HANDBOLTA
FRÁ TÚNISHENRY BIRGIR
GUNNARSSONEINAR HÓLMGEIRSSON með gegn
Tékkum í dag.

Einar Hólmgeirsson:

Klár í slaginn gegn Tékkum

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson æfði í fyrsta skipti af einhverjum krafti í gær og komst ágætlega frá æfingunni. Hann kenndi sér lítils meins og Brynjólfur Jónsson, lækni landsliðsins, var mjög bjartsýnn á að Einar gæti spilað á mótinu.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var ánægður með að fá Einar aftur til leiks og hann mun láta Einar spila gegn Tékkum.

„Hann verður með. Það er ekki spurning. Það er fint stand á mannskapnum og allir eru frískir og klárir í slaginn,“ sagði Viggó.

- hbg

HREIÐAR GUÐMUNDSSON
Hvíllir væntanlega gegn Tékkum í dag
ásamt Vilhjálmi Halldórssyni.

Ísland-Tékkland:

Hreiðar og Vilhjálmur hvíla

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari mun ekki tilkynna það fyrr en á hádegi í dag hvaða tveir leikmenn hvíla í leiknum gegn Tékkum í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó búist við því að það verði markvörðurinn Hreiðar Guðmundsson úr ÍR og stórskyttan Vilhjálmur Halldórsson úr Val en alls mega fjórtán leikmenn vera á skýrslu í hverjum leik. ■

Lykilleikur gegn Tékkum

Landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson segir sína menn klára í slaginn fyrir fyrsta leikinn gegn Tékkum í dag.

HANDBOLTI Keppnismaðurinn Viggó Sigurðsson var strax kominn í ham eftir æfingu íslenska landsliðsins í gær en þá fékk landsliðið sína fyrstu og einu æfingu í El Menzah-íþróttahöllinni þar sem riðill Íslands verður spilaður. Viggó fékk aðeins að æfa í 50 mínútur í höllinni og það sætti hann sig illa við.

„Það er ekki boðlegt að gefa aðeins 50 mínútur í þessari höll og það er eitthvað sem við þjálfararnir hljótum að mótum,“ sagði Viggó sem er annars mjög jákvæður út í aðstæður hér í Túnis.

„Mér líst rosalega vel á þetta allt saman. Við erum líka á mjög fínu hóteli. Skipulag virðist einnig vera í góðu lagi en það er kannski of skipulagt því við fáum lög-reglufylgd með sírenum og öllum pakkanum þegar við förum eitthvað og öllum er rutt frá. Svo eru vopnaðir verðir á hótelinu og annað eftir því.“

Viggó lét þessa eina æfingu duga í gær en hann mun æfa snemma í dag fyrir leikinn. Hrista alla streitu úr mönnum svo þeir verði vel upplagðir þegar blásið verður til leiks gegn Tékkum. Hann hafði ekki ákveðið í gær hvernig hann muni byrja leikinn í dag.

„Við erum tilbúnir í hvað sem er. Tékkar eru með mjög öflugan skyttu, hornamann og markvörð sem hefur reynst okkur erfiður,“ sagði Viggó sem er vel meðvitadur um mikilvægi leiksins í dag.

„Hann er gríðarlega mikil-



VIGGÓ SIGURÐSSON Segir íslenska liðið verða að byrja vel á heimsmeistaramótinu í Túnis.

vægur. Mér finnst þetta vera lykilleikur í riðlinum og það er mjög mikilvægt að byrja þetta mót vel. Við viljum byrja vel og það er mikið undir. Það gera sér

allir grein fyrir því. Við erum með ákveðin markmið og til að ná þeim þurfum við að spila vel í öllum leikjum,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari. henry@frettabladid.is

Dagur Sigurðsson landsliðsfyrirliði segir stemninguna vera fina í hópnum:

Mjög bjartsýnn fyrir mótið

HANDBOLTI Dagur Sigurðsson landsliðsfyrirliði hefur fengið vnanan skerf af gagnrýni eftir síðustu mót og því er nokkur pressa á honum fyrir þetta mót. Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari hefur tröllatrú á Degi og ætlast til þess að hann skili lykilhutverki í þessu móti. Dagur var brattur þegar blaðamaður hitti hann eftir æfingu í Túnis í gær.

„Þetta leggst allt ágætlega í mig og höllin fin þótt hún sé svolítið skrytín,“ sagði Dagur en El Menzah-íþróttahöllin er hringlaga og völlurinn er eins og gryfja fyrir neðan áhorfendastúkuna. Alls tekur höllin 3500 í sæti.

„Við byrjum mótið á 4 stiga leik og það skiptir miklu máli upp á sjálfstraust og annað að vinna þann leik,“ sagði Dagur og bætti við að það kæmi mikill ferskleiki með nýju mönnum í hópnum.

„Það er alltaf fin stemning í landsliðshópnum en það koma ferskir vindar með þessum strákum. Þeir eru margir hverjir á svipuðum aldri og rífa svolítið



DAGUR SIGURÐSSON Segir íslenska liðið vera vel undirbúið og einbeitt.

upp fiflaganginn sem er bara jákvætt. Eg er mjög bjartsýnn fyrir þetta mót því við erum vel undir-

búnir og einbeittir,“ sagði Dagur Sigurðsson.

henry@frettabladid.is

Ólafur Stefánsson hefur lagt vonbrigðin á Ólympíuleikunum í Aþenu á hilluna og er ánægður með hópinn:

Ungu strákarnir gefa nýja sýn á lífið

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson er kominn aftur í íslenska landsliðið en hann lék ekki með á World Cup í Svíþjóð og svo gældi hann reyndar við að leggja landsliðsskóna á hilluna eftir Ólympíuleikana í sumar. Þessi besti handknattleiksmaður þjóðarinnar hefur lagt vonbrigðin á ÓL á hilluna og það leynir sér ekki að honum líður mikið mun betur í dag.

„Mér líður mjög vel. Eg hef reyndar verið að glíma við smá meiðslu í nára en það verður vonandi í lagi. Annars er þetta bara gaman og það er fin stemning í þessum hópi enda margir léttir og skemmtilegir strákar í honum,“ sagði Ólafur sem hefur augljóslega gaman af ungu strákunum.

„Þeir gefa nýja sýn á lífið og maður heldur aðeins í þá straua

sem eru í gangi á þessum aldri. Allar þeirra væntingar og annað.“

Ólafur var óvenju yfirlýsingaglaður á síðasta ári og fór til að mynda ekki leynt með þann draum sinn að hann ætlaði að vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum. Það muna allir hvernig sá draumur fór. Markmiðin eru lágstemmdari að þessu sinni.

„Það er bara að hafa gaman af þessu og standa sig vel. Gera gott mót eins og maður segir stundum. Gott mót er að vera númer eitt eða tvö í riðlinum og svo er bara að sjá til með framhaldið. Við eigum að geta farið í hvern leik til þess að vinna hann.“

Ólafur tók sig vel út með heyrnatól á höfðinu eftir æfingu en hann var að hlusta á nýja diskinn hans Mugison og var



ÓLAFUR STEFÁNSSON Á við meiðslu að stríða í nára en segist verða klár í slaginn í dag.

nokkuð sáttur.

„Hann er þrælógður og aldrei að vita nema maður spili hann



KRÓATAR BESTIR Flestir hallast að því að Króatar verji heimsmeistarattit sinn í Túnis.

Veðmál á HM í Túnis:

Króötum spáð sigri

HANDBOLTI Þýski veðbankinn betandwin.de spár því að heims- og Ólympíumeistarar Króatíu standi uppi sem sigurveggarar á heimsmeistaramótinu í Túnis sem hefst í dag.

Þýska fyrirtækið telur möguleika Króata vera 3,75/1. Í næstu sætum á eftir koma Frakkar, Spánverjar, Danir og Rússar en íslenska landsliðið er talið vera með ellefta sterkasta liðið á mótinu í Túnis. Möguleikar íslenska liðsins eru 34/1. Fjögur lið, Ástralía, Kanada, Katar og Kúveit skera sig nokkuð úr en möguleikar þeirra á sigri eru taldir vera 1001/1. ■



HM Í HANDBOLTA

2 0 0 5

TÚNIS

HM í Túnis

LEIKIR Í DAG

A-RÍÐILL

TÚNIS-ANGÓLA kl. 16.00
FRAKKLAND-CANADA kl. 18.00
DANMÖRK-GRÍKKLAND kl. 20.00

B-RÍÐILL

TÉKKLAND-ÍSLAND kl. 16.00
RÚSSLAND-ALSÍR kl. 18.00
SLÓVENÍA-KÚVEIT kl. 20.00

C-RÍÐILL

KRÓATÍA-ARGENTÍNA kl. 16.00
SPÁNN-JAPAN kl. 18.00
NOREGUR-BRASILÍA kl. 20.00

D-RÍÐILL

ÞÝSKALAND-EGYPTALAND kl. 16.00
SERBÍA/SVARTFJ.-KATAR kl. 18.00
NOREGUR-BRASILÍA kl. 20.00

fyrir leiki,“ sagði Ólafur léttur í bragði.

henry@frettabladid.is

Svefn & heilsa



SVEFN & HEILSA
ÞEGAR ÞÚ
VILT SOFA
VEL

Það er mikilvægt að sofa og hvílast vel, ég sef vel á heilsudýnu frá Svefn & heilsu.

DÍSA Í WORLD CLASS

ÚTSÖLUDAGAR



25-70%
afsláttur

Gildir ekki á öðrum tilboðum

á völdum húsgögnum
útlitsgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, ásamt ýmsum fylgihlutum.
Rýmum fyrir nýjum vörum

Chiropractic

Rýmum fyrir nýjum dýnum

Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum
kírópraktora í heimi



Verðdæmi:

Silk classic millistíff heilsudýna

Queen kr. ~~129.900.-~~ nú kr. 99.900.-

King size kr. ~~159.900.-~~ nú kr. 129.900.-

ARCONIT



Sleep Series



Verðdæmi:

Euro 120x200 ~~59.900.-~~ Nú **39.900.-** stgr.

Full 135x200 ~~64.900.-~~ Nú **44.900.-** stgr.

Queen 153x200 ~~69.900.-~~ Nú **49.900.-** stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Gildir meðan
birgðir endast

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

MILK THISTLE

Mjólkurþistill



Dregur úr vökvæðun og timburmönnum

F2

Með
Fréttablaðinu
alla
fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

STUÐ MILLI STRÍÐA Staðfesta

KRISTJÁN HJÁLMARSSON ÓTTAST MERKINGU ORÐA



snýst svo hugur þegar foringinn krefst þess – segir fjölmiðla hafa oftúlkað orð sín eða snúið út til að drepa málinu á dreif.

Það sem er kannski hjákátlegast við þessa stjórnarliða er að um leið og þeir skipta um skoðun reyna þeir að réttlæta veru Íslands á lista hinna svokölluðu staðföstu þjóða. Ísland er á þessum lista af því að tveir menn tóku ákvörðun um það upp á sitt eindæmi, án þess að ræða það við flokksfélaga sína eða aðra.

Hinir staðföstu stjórnarliðar eru því ekki staðfastari en það að þeir draga orð sín til baka um leið og foringjarnir segja. Eitt hvað virðist orðið staðfastur því hafa afbakast hjá þeim og svo virðist jafnvel vera sem þeir viti ekki hvaða merkingu það hefur.

Þeim og öðrum til upplýsingar merkir orðið staðfastur, sam-

kvæmt orðabók Menningarsjóðs frá árinu 1963, að vera; fastur fyrir, stöðugur, stöðuglyndur, óhvikull eða áreiðanlegur.

Orðabókin er vissulega komin til ára sinna og svo getur verið að merking orðsins hafi breyst frá því að hún kom út fyrir um fjörutíu árum. Það verður þó að teljast heldur hæpið. Vel má líka vera að stjórnarliðarnir hafi ruglast á orðinu staðfastur og staðfærður, sem í sumum tilfellum merkir; sem er breytt í samræmi við staðhætti: samanber leikhús eða kvikmyndir. Með öðrum orðum, staðfesta stjórnarliðanna felst í því að laga skoðanir sínar að nýjum stað og nýrri leikmynd. ■

myndasögur


PONDUS

Eftir Frode Överli



PÚ OG PA

Eftir SÖB



Drekafjöll

Það eru fjórar leiðir inn í Drekafjöll en það er ekki allt sem sýnist! Frábær fjölskyldu- og ævintýramynd.

ISLENSKT TAL

MEDIA FÁANLEG Á DVD OG VHS! SAM MYNDIÐ

FRANSKUR NÝSIRKUS

Laugardaginn 29. janúar kl. 20:00

Borgarleikhúsið

Verð 2100 kr.

Midasala: 568 8000

midasala@borgarleikhus.is

www.borgarleikhus.is

BOUGEZ PAS BOUGER



EYRARRÓSIÐ AFHENT Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hlaut Eyrarrósina, sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, á fimmtudaginn var. Ein og hálf milljón króna og verðlaunagripur eftir Steinunni Þórhallsdóttur féllu hátíðinni í skaut. Dorrit Moussaieff forsetafrú afhenti viðurkenninguna en hún er jafnframt verndari Eyrarrósarinnar.

Beint á heilsuhælið

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Clinic er skemmtilega óhefluð tilraunarokksveit. Hljómurinn er oftast hrár og fáar reglur virðast vera til um hvað megi, og hvað megi ekki gera. Hún hljómar ekki eins og nein önnur bresk sveit, þrátt fyrir að vera frá Bítlabænum Liverpool.

Hún byrjaði víst sem pönksveit en í dag er þetta mjög melódískt og sætt á köflum. Þetta er þó alls ekki allra, og verður seint spilað á Bylgjunni... eða XFM ef út í það er farið.

Það er svolítið erfitt að átta sig á því fyrir hvern Clinic eru að gera tónlist. Þeir velja sér líklegast lítið upp úr markaðsfræðunum, og það

gerir tónlist þeirra bæði spennandi og fráhrindandi á köflum.

Bestu lögin á þessari þriðju plötu þeirra eru Circle of Fifths, Anne og Falstaff þar sem daðrað er skemmtilega við lög í anda Lee Hazelwood. Þetta er sveit sem er og verður áfram undir yfirborðinu. Vel græjuð með köfunarbúnaðinn sinn að grúska í sínum eigin heimi.

Þessi plata er ekkert meistara-stykki, fjarri því, en það er eitt-hvað heillandi við Clinic, eru eflaust betri tónleikasveit en þeir eru á plasti, því flest lögin eru fin en það hefði mátt útfæra þau á betri hátt til að gera þau ferskari. Það er of mikill æfingarhúsnæðisbragur yfir þessu, fyrir minn smekk. Synd þar sem lögin eru mörg skemmtileg, og hugmyndirnar góðar. Það



CLINIC WINCHESTER CATHEDRAL

NIÐURSTAÐA: Á þriðju plötu Clinic er að finna nokkur góð lög, en útsetningar eru of kæruleysislegar. Ekki slæmt, en ekkert sérstaklega gott heldur.

þyrfti að senda liðsmenn á næsta heilsuhæli til að hugsa sinn gang.
Birgir Örn Steinarsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gamanleikarinn **Chris Rock** er sannfærður um að kollegi sinn Jamie Foxx verði valinn besti leikarinn í aðalhlutverki á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Foxx, sem fer með aðalhlutverkið í Ray, vann Golden Globe-verðlaunin á dögnum og þykir líklegur til að hreppa styttna eftirsóttu. Talið er að Leonardo DiCaprio muni veita honum mesta keppni, en hann leikur í myndinni The Aviator.



Söngkonan **Beyoncé Knowles** ætlar að fara með aðalhlutverkið í nýrri mynd sem er byggð á söngleiknum Dreamgirl.

Knowles hefur áður leikið lítil hlutverk í Austin Powers og væntanlegri mynd um Bleika pardusinn. Nú telja framleiðendur að hún sé orðin fullfær um að leika aðalhlutverk og hafa því veðið á hana sem draumastúlkuna.



Á BÍLAHJÓLI

Karítas Guðmundsdóttir ásamt dætrum sínum Kolfinnu Álfðisi, Þorgerði Brá og Berglindi Rún Traustadætrum. Hafnfirðingar mega búast við því að sjá fjölskylduna „keyra“ um á bílahjólinu á sólríkum degi.

Bílahjól í bingói

„Það er erfitt að hjóla í snjónum svo hjólið er lítið notað núna en það verður ábyggilega notað þegar snjóá leysir. Það sló í gegn hjá stelpunum mínum,“ segir Karítas Guðmundsdóttir, leikskólakennari og þriggja barna móðir, sem vann glæsilegt bílahjól í Bingópættinum á Skjá einum fyrir viku síðan. „Það geta þeir setið á hjólinu og svo geta tvö börn verið í körfu framan á,“ útskýrir Karítas og bætir við. „Og svo geta tveir staðið fyrir aftan.“

Karítas hefur nokkrum sinnum tekið þátt í bingóinu enda hafa stelpurnar hennar ákaflega gaman af því. „Tengdamamma fékk einu sinni allar þrjár raðirnar en hún náði því miður ekki í gegn. Ætli þetta hafi ekki bara verið heppni hjá mér,“ segir Karítas sem hefði þó frekar viljað fá bíl eins og venja er fyrir þá sem fá bingó. „En þetta er vöðulega skemmtilegt tæki,“ bætir Karítas við og biður spennt eftir því að fara að hjóla með börnin. ■

SONY

Skýrari mynd en þú átt að venjast!

Opið í dag!

Verð 131.940 krónur eða 10.995 krónur á mánuði vaxtalaust*

*Miðað við 12 jafnar vaxtalausr greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Digital Comb Filter
tryggir að þú sérð öll smáatriðin í myndinni skýrar. Sjáðu muninn.

Borð í kaupbæti
sem er hannað undir sjónvarpstæknið að andvirði 24.950.

Mynd í mynd.
Þú horfir á tvær stöðvar í einu, og missir ekki af neinu.

12 mánaða greiðslur vaxtalaust.
Þú veist hvað þú borgar mikið á mánuði.

32" Sony sjónvarp KV-32CS76

- 100 Hz Digital Plus • 3 Scart tengi
- Stafræn myndleiðrétting (DNR)
- Virtual Dolby Surround BBE
- Forritanleg fjarstýring fylgir

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is Sími 588 7669

Háskólabíó

ALEXANDER
Stærsta þjóðsögn allra tíma var sönn.
Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
Sýnd kl. 2.30, 5.45 & 9

ONE POINT O
Magnaður tryllir frá Marteini Þórssyni sem sló í gegn á Sundance hátíðinni.
Sýnd kl. 4.15, 8.10 og 10

OCEAN'S TWELVE
OCEAN'S TWELVE kl. 2, 6, 8.15 og 10.30
THE INCREDIBLES kl. 1.45 og 4 **isl. tal.**
BRIDGET JONES SÝND KL. 2 og 6.10

Langa trúlofunin
A VERY LONG ENGAGEMENT
Sýnd kl. 3, 5.30 og 8

Marie-Jo og ástímar tvær
Sýnd kl. 4

Kórinn
(Les Choristes)
Sýnd kl. 6.10 og 8

Peningabíllinn
(Le convoi)
Sýnd kl. 10

Hjartans mál
(Le coeur des hommes)
Sýnd kl. 10.30

SMÁRA BÍÓ

Frá leikstjóra About Schmidt kemur ein athyglisverðasta mynd ársins.
★★★★ TV Kvikmyndir.is

Hlaust tvönn Golden Globe verðlaun Besta myndin Besta handritið

Skyldu-áhorf fyrir biðfólk, ekki spurning!!

SIDEWAYS
Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40
Sýnd í LÚXUS kl. 2, 5, 8 og 10.40

